



SKOÐUN Guðmundur Andri vildi sjá forsætisráðherra sýna stuðning í París. **13**



MENNING Sýnir myndir af yfirgefni herstöð í Ljós-myndasafni Reykjavíkur. **20**



LÍFÍÐ Pungarokkarinn Sigurður Sverrisson er með 666 vini á Facebook. **30**



SPORT Arsenal gerði sér líftíð fyrir og skellti Manchester City í Manchester. **26**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Landmark leiðir þig heim!
Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

19. janúar 2015
15. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR




Efast um heimild fyrir varnargörðum

Landgræðslan segir ágang vatns úr Skaftá ógna grónu landi í Eldhrauni og vill loka fyrir vatn sem varnargarðar stöðva ekki nú þegar. Veiðimálastofnun gerir athugasemdir. **8**

EKKI til peningar Kvikmyndasjóður Íslands tæmdist á fyrri hluta janúar-mánaðar hvað varðar framleiðslustyrki til kvikmynda næsta árs. **2**

Boðar auðlegðarskatta Bandaríkjaforseti ætlar að nota árlega stefnuræðu sína á morgun til að hvetja þingið til að hækka skatta á ríkustu einstaklingana í Bandaríkjunum. **6**

Vongöð um leiðréttingu Liana Belinska fær fund með forseta læknaeildar Háskólans og vonast til þess að komast í læknaeild án inntökuprófs. Hún hefur árangurslaust reynt að fá læknumenntun sína metna. **10**



Bolungarvík	2°	SA 15
Akureyri	1°	SA 8
Egilsstaðir	-1°	SA 10
Kirkjubæjarkl.	1°	SA 13
Reykjavík	4°	SA 13

Hvasst Í dag má búast við suðaustan 10-18 m/s og úrkomu, einkum sunnan- og vestanlands, en dregur úr vindi og ofankomu þar er líður á daginn. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Kassakerfi & sjóðsvélar | Fólk



Fyrrverandi ráðherra rekinn vegna fjárdráttar í Ásahreppi

Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, dró sér fé í starfi sínu sem sveitarstjóri Ásahrepps. Hann lét af störfum fyrir helgi. Upphæðin nemur hundruðum þúsunda. Málinu lokið fyrir febrúar segir oddvitinn.

ÁSAHREPPUR Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, var rekinn úr starfi sveitarstjóra Ásahrepps síðastliðinn föstudag. Hann varð uppvis að fjárdrætti í starfi sínu fyrir hreppinn. Björgvin var í tilkynningu fyrir helgi sagður hafa hafið störf sem annar ritstjóra miðilsins Herðubreiðar.

Aðdragandi þess virðist hafa verið stuttur því aðeins þremur dögum fyrr sat Björgvin hreppsnefndarfund og var þar skipaður í starfshóp um endurbætur á heimasiðu sveitarfélagsins og í viðræðunefnd um auknið samstarf Ásahrepps og Rangárbings ytra.

„Þetta er leiðindamál sem kom blessunarlega mjög fljótt upp á yfirborðið,“ segir Egill Sigurðs-

son, oddviti Ásahrepps. „Líkt og flest sveitarfélög og fyrirtæki gera þá er það ekki sami maður sem bókar, samþykkir og greiðir. Það kerfi virkaði sem skyldi í þessu máli.“

Varðandi hvaða upphæð er um að tefla segir Egill að hún nemi hundruðum þúsunda en sé undir milljón króna. Björgvin hafi haft til umráða greiðslukort frá sveitarfélaginu sem hann nýtti til persónulegra nota.

„Við getum sagt með nokkurri vissu að þetta hafi hafist í októbermánuði í fyrra. Fyrst með litlum

greiðslum hér og þar, en vatt upp á sig líkt og snjóbolti sem rúllar niður brekku,“ segir Egill.

Björgvin var ráðinn sveitarstjóri Ásahrepps í júlí í fyrra og var starfshlutfall hans sjöfju prósent. Alls sótti 21 um stöðuna.

Á árunum 2007 til 2009 var hann viðskiptaráðherra auk þess að vera þingmaður Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi um tíu ára skeið, frá 2003 til 2013. Björgvin er enn varaþingmaður fyrir Samfylkinguna.

„Björgvin á inni hjá okkur hálfsmánaðarlaun auk uppsafnaðs orlofs. Því verður skuldajafnað og svo verður staðan tekin í kjölfarið,“ segir Egill en hann á von á því að málið verði gert upp að fullu um næstu mánaðarmót.



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON



Við getum sagt með nokkurri vissu að þetta hafi hafist í októbermánuði í fyrra.

Fyrst með litlum greiðslum hér og þar, en vatt upp á sig líkt og snjóbolti sem rúllar niður brekku.

Egill Sigurðsson, oddviti Ásahrepps.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir Fréttablaðsins náðist ekki í Björgvin við vinnslu fréttarinnar. -jóe



KOMNIR Á BLAÐ Strákrinum okkar var létt í gær eftir 32-24 sigur á Álsir. Liðið lenti 0-6 undir í leiknum en kom til baka og tók punktana tvo. Vonandi er liðið komið í gang núna. Sjá síðu 24

Íslenskaði selfie-stöngina: Ber ábyrgð á löngustöng

FÓLK „Já ég er sekur, nafnið langastöng er frá mér komið,“ segir Bragi Valdimar Skúlason, Baggalútur og texta- og hugmynda-smiður hjá auglýsingastofunni Brandenburg.

Hann er ábyrgur fyrir nafninu langastöng á einu vinsælasta fyrirbæri síðasta árs, selfie-stönginni. Orðið langastöng er þó ekki nýrri, heldur er það gamalt orð yfir fingurinn löngustöng. „Það er nú einmitt þælingin á bak við þetta nafn, að þetta sé framlenging á handleggnum eða hendinni. Orðið er ekki bara sniðugt, ég er líka svona sniðugur,“ segir Bragi léttur.



BRAGI VALDIMAR SKÚLASON

-asi / sjá síðu 30

Tengiliðahópur vegna síldardauðans 2012 og 2013 hefur lokið störfum: Vandí úr sögunni í Kolgrafafirði

UMHVERFISMÁL Margt bendir til að vandí vegna göngu síldar og dauða í Kolgrafafirði sé úr sögunni. Mælingar og vöktun Hafrannsóknastofnunar sýna að lítið sem ekkert af síld gekk inn í fjórðinn til vetursetu þennan veturinn og hætta á síldardauða, líkt og olli stórfelldri mengun 2012 og 2013, því ekki fyrir hendi.

Tengiliðahópur ráðuneyta, stofnana og heimamanna vegna síldardauðans og frekari hættu á slíkum atburðum hefur lokið störfum.

Mælingar Hafrannsóknastofnunar sýndu að um 22 þúsund tonn af síld drápu í Kolgrafafirði í

febrúar 2013. Í desember árið áður drápu þar 30 þúsund tonn.

Í desember síðastliðnum voru 10 þúsund tonn af síld í firðinum, en til samanburðar voru á milli 200 til 300 þúsund tonn af síld innan brúar í Kolgrafafirði þegar síldardauðinn varð.

Mælingar Hafrannsóknastofnunar núna í desember sýndu að súrefnismettun í hafinu var þá eins og best verður á kosið, en stofnunin setti upp sírita fyrir súrefnismettun í nóvember.

Síldin hefur hins vegar haldið sig í Kolluál, sem er vestur af Snæfellsnesi, og hætta á síldardauða



HREINSISTARF Grúnskólaborðn aðstoðuðu við hreinsistarf eftir síldardauðann stórfellda í Kolgrafafirði árið 2013.

úr sögunni á meðan svo helst, að sögn Þorsteins Sigurðssonar, sviðsstjóra nytjastofnasviðs Hafrannsóknastofnunar. -shá, óká

Íbúfen®
400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

Actavis

Q10 plus

NIVEA

SPURNING DAGSINS



Petta er tæpast hæðarleikur?

Pvert á mót! Petta er hæðarleikur.

Jóhannes Valgeir Reynisson er stofnandi Bláa naglans. Samtökin gefa öllum einstaklingum, konum og körlum, sem verða fimmtugir á árinu afmælisgjöf í forni skimunarprófs fyrir blóð í hæðum.

Bandaríska njónastofnunin NSA býr sig undir nethernað í framtíðinni:

Þróar leiðir til að lama netið

BANDARÍKIN Samkvæmt áður óbirtum leyniskjólum úr fórum uppljóstrans Edwards Snowden býr Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna, NSA, sig undir hernað framtíðarinnar með því að þróa leiðir til að ráðast á tölvukerfi á netinu.

Þýska tímaritið Spiegel hefur birt þessi skjöl. Þar kemur fram að árási á netkerfi muni verða mikilvægar í átökum framtíðarinnar. Með því að lama tölvukerfi í gegnum netið megi lama mikilvæga innviði á borð við orku- og vatnsveitur,

verksmiðjur, flugvelli og fjármálastofnanir.

Sérstök tæknideild hjá NSA, sem hefur skammstöfunina ANT, er sögð hafa þróað ný tölvuvopn sem nota megi til árása af ýmsu tagi.

Meðal skjalanna er eins konar vörulisti, þar sem búnaður til njónsna og árása er tilgreindur ásamt verði. Þar á meðal eru USB-lyklar með hlerunarbúnaði, og kosta fimmtíu stykki í pakka meira en milljón Bandaríkjadala, eða um 133 milljónir króna.



HÖFUÐSTÖÐVAR NSA Þróar tækjabúnað og tækni til árása á netkerfi og njónsna af ýmsu tagi. NORDICPHOTOS/AFP

Veðurspá slæm fyrir daginn:

Öllu flugi frá Keflavík aflýst

SAMGÖNGUR Öllu flugi Icelandair frá Keflavíkurflugvelli í morgun var aflýst í gærkvöldi vegna vegna óveðurspár. Í nótt var spáð óveðri suðvestanlands og vindhraða yfir 20 metrum á sekúndu.

„Það spáir þannig veðri að það var ekki talið annað fært en að aflýsa,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair.

Ekki var heldur flugið til Íslands frá Norður-Ameríku í gærkvöldi. Búið er við að veðrið gangi niður seinni partinn í dag.



KÁTIR KRAKKAR Slöngubátarennslí, kyndlagerð, hópeflisleikir, bogfimi, klífur og sig eru á meðal hluta sem reykviskir skátar skemmtu sér við á Úlfjótuvatni um nýliðna helgi. MYND:SKÁTASAMBAND REYKJAVÍKUR

150 skátar úr Reykjavík mættu á Vetrarmót um helgina:

Foringjar og eldri skátar sváfu úti

FÉLAGSSTARF Úlfjótuvatn er sagt hafa sannað gildi sitt sem útivistarparadís skáta um helgina þegar þar komu saman 150 skátar úr Reykjavík til að halda sitt Vetrarmót. „Skátaskálarnir voru fullnýttir og einnig sváfu um tuttugu foringjar og eldri skátar í tjöldum,“ segir í tilkynningu Skátasambands Reykjavíkur.

„Mótið heppnaðist einstaklega vel, dagskráin var fjölbreytt og þátttakendur voru úr öllum skátafélögum í Reykjavík,“ er haft eftir Jóni Andra Helgasyni hjá Skátasambandinu.

Fótbrotnaði á báðum fótum:

Sóttu slasaðan mann á Esjuna

SLYS Björgunarsveitir á höfuðborgarsvæðinu voru kallaðar út á þriðja tímanum í gær til að sækja slasaðan göngumann á Esjuna. Fjallahópur slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og þyrla landhelgisgæslunnar voru einnig kölluð út.

Þyrlan flutti göngumanninn á sjúkrahús þar sem gert var að áverkum hans. Hann hafði hlotið fótbrott á báðum fótum og líðan hans eftir aðstæðum. Atvikið átti sér stað rétt við Stein á helstu gönguleiðinni á fjalli.

Snjóflóð féll á Ísafirði í gær:

Lenti í snjóflóði og braut bein

SLYS Snjóflóð féll í fjallshlíðinni fyrir ofan Urðarveg á Ísafirði á sjötta tímanum í gær. Tveir menn voru á svæðinu þegar flóðið féll og slasaðist annar þeirra lítilsháttar.

Björgunarsveitir frá Ísafirði og Hnífsdal voru kallaðar á svæðið í kjölfar flóðsins.

Hinn slasaði hlaut handleggsbrot og var komið undir lækni-hendur til aðhlyningar. Hann sakaði ekki að öðru leyti. Samferðamaður hans komst óslasaður frá flóðinu.

Engir lausir peningar í viðamikil verkefni

Kvikmyndasjóður Íslands er nú þegar orðinn tómur hvað varðar vilyrði fyrir framleiðslustyrkjum fyrir kvikmyndir sem á að frumsýna á næsta ári. Fjögurra ára samningur kvikmyndageinarinnar við ríkið rennur út í lok þessa árs.

STJÓRNSÝSLA Kvikmyndasjóður Íslands er núna í janúar strax orðinn tómur hvað varðar vilyrði um framleiðslustyrki vegna myndna sem á að frumsýna á næsta ári. „Það er rétt, það eru ekki lausir peningar í viðamikil framleiðsluverkefni,“ segir Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, og bætir við að staðan sé óvenjuleg á þessum árstíma.

Vilyrði um styrk er forsenda frekari fjármögnunar verkefna og því afar mikilvæg. Aðeins þrjár kvikmyndir hafa fengið vilyrði fyrir næsta ár, eða Svanurinn í leikstjórn Ásu Helgu Hjörleifsdóttur, Undir halastjórnun í leikstjórn Ara Alexanders og Andíð eðlilega eftir Ísöldi Uggadóttur. „Til að halda greininni á floti þarf að vera með að minnsta kosti þrjár myndir sem eru fullframleiddar með öllu sem tilheyrir stórum myndum. Við höfum varla haldið því í rauninni. Þetta er rosalega þröng staða og hún er búin að vera þröng lengi.“

Enn eru þó peningar til í sjóðnum fyrir handrita- og þróunarstyrkjum. Þeir nema tveimur til sex milljónum króna fyrir hvert verkefni.

„Við gætum ekki gert sögulega stórmýnd, búningamynd sem gerist í fortíðinni. Þær eru of dýrar. Allar myndir þurfa að gerast í nútímanum og helst sem næst Reykjavík.“

Laufey segir að lágur styrkveitingar til kvikmynda frá árinu 2010 hafi komið illa við íslenska kvikmyndagerð. Samkvæmt henni var framlag ríkisins 700 milljónir króna 2010. Fimm árum og



LAUFEY GUÐJÓNSDÓTTIR Laufey segir að byrjað sé að leggja drög að nýju samkomulagi á milli kvikmyndageinarinnar og íslenska ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTÓN

→ Óvissan er mjög slæm



Gunnarssonar sem gerist árið 1803, og veit ekki hvenær byrja megi á henni.

„Petta er mjög slæmt, sérstaklega þegar svona mikil óvissa er í gangi. Ef menn horfa fram á að geta ekki frumsýnt mynd fyrir en 2018 þá er það mjög slæmt,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn Friðrik Þór Friðriksson um stöðu mála hjá Kvikmyndasjóði. „En ég er bjartsýnn á að þetta fari í gang aftur. Stjórnvöld hafa boðað að þau ætla að gera eitthvað á þessu ári.“

Þá segir Friðrik Þór „mjög bagalegt“ að ekki séu til peningar til að búa til sögulegar myndir úr fortíðinni. Hann er með tilbúið handrit að Svartfugli, byggðu á bók Gunnars

arinnar og ríkisins frá árinu 2011 um styrki til íslenskrar kvikmyndagerðar rennur út í lok þessa árs. „Það er byrjað að leggja drög in að því að gera nýtt samkomulag og ég á ekki von á öðru en að það verði góður „dýflogur“ á milli stjórnvalda og greinarinnar með það. Það er svo mikið atriði, af því að fjármögnun í þessari grein tekur alltaf svo langan tíma, að hafa það til nokkurra ára í senn.“

frey@frettabladid.is

Kona ók bifreið í sjóinn við Reykjavíkurhöfn síðdegis í gær:

Konan flutt á gjörgæsludeild

LÖGREGLA Konan sem fannst í Reykjavíkurhöfn í gær var í lífshættu á gjörgæsludeild, sagði Friðrik Sigurbergsson, vakthafandi læknir á bráðamótöku Landspítalans, þegar rætt var við hann í gærkvöldi. „Ástand hennar er krífrískt,“ segir Friðrik.

Konunni var bjargað úr sjónum um fimmmeytið síðdegis eftir að lögreglu barst tilkynning um að bíl hefði verið ekið í höfnina. Konan er talin hafa verið allt að hálf tíma í sjónum.

Í kjölfarið hófst leit lögreglu, slökkviliðs og kafara í höfninni til þess að ganga úr skugga um að ekki hefðu verið fleiri í bílnum. Lögreglan taldi sig hafa leitað af sér allan grun um það.

Sjónarvottar sögðu skott bílsins hafa verið opið þegar honum var ekið fram af brúninni.

Óskar Þór Ámundason, þjónn á Höfninni, sagði að gestur á efri hæð veitingahússins hefði séð jepplinginn fara fram af bryggjunni og lenda í sjónum. Strax var hringt í neyðarlögreglu og gert viðvart.

Vel gekk að ná bifreiðinni upp úr höfninni, og var þeirri vinnu lokið fyrir klukkan átta um kvöldið.



VIÐBÚNAÐUR VIÐ REYKJAVÍKURHÖFN Aðeins ein kona reyndist hafa verið í bifreiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BRIDS

SKÓLINN

TVÖ námskeið hefjast í næstu viku ...

Námskeið fyrir byrjendur (STIG 1) og framhaldsnámskeið um spilamennsku sagnhafa (STIG 3).

BYRJENDUR hefst **26. janúar** ... átta mánudagskvöld

ÚRSPILIÐ hefst **28. janúar** ... átta miðvikudagskvöld

Mikið spilað og EKKERT MÁL að mæta stakur/stök.

- ◇ Nánari upplýsingar og innritun í síma **898-5427**.
- ◇ Sjá enn fremur á **bridge.is** (undir „fræðsla“).

Snjór. Frost. Ís. Skiptir engu!

Quattro er yfirburða fjórhjóladrif og gefur meiri kraft og grip. Með quattro tækninni getur þú tekist á við hvaða áskorun sem þú kannt að mæta. Audi Q5 er sérstaklega vel búinn og tilbúinn fyrir íslenskar aðstæður.



Verð frá kr. 7.990.000,-
2.0 TDI quattro, 177 hö, sjálfskiptur

SVONA ERUM VIÐ



75 stúlkur hlutu nafnið **María**

sem annað nafn á árinu 2013.

María var vinsælasta annað nafn stúlkna á árinu en næst á eftir fylgdu Rós, Lilja og Ósk.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Frans páfi dregur að sér metfjölda áheyrenda á ferð sinni um Asíulönd. Páfi talaði í Maníla í gær: Sex milljónir hlýða á páfa í úrhellisrigningu

FILIPPSEYJAR, AP Sex milljónir manna létu úrhellisrigningu ekki stöðva sig þegar Frans páfi mætti til að ávarpa mannfjöldann í Maníla, höfuðborg Filippseyja.

Federico Lombardi, talsmaður Páfagarðs, segir að yfirvöld á Filippseyjum hafi staðfest þessa tölu og jafnframt að þarna hafi verið met slegið. Þegar Jóhannes Páll páfi II. flutti messu á sama stað árið 1995 hafi áheyrenda-fjöldinn verið fimm milljónir, og þótti mikið.

Frans páfi helgaði heimsókn sína hinum fátæku og féll boðskapur hans í góðan jarðveg hjá fólki á Filippseyjum þar sem fátækt er víða mikil.

„Hann ann fátækum og fólki eins og okkur,“ sagði Emmie Toreras, 38 ára kona sem hafði brugðið plastpoka yfir sig til að verjast rigningunni. Hún sagðist hafa sofið í almenningsgarðinum þar sem páfi ávarpaði mannfjöldann frá því á föstudag til að tryggja að hún kæmist örugglega að. „Það var blessun að við sáum hann. Þótt við séum gegnblaut í rigningunni þá líður okkur vel.“

Frans hefur verið á ferðinni um Asíulönd í eina viku. Hann kom fyrst við á Srí Lanka á mánudaginn var og lauk ferðinni á Filippseyjum í gær.



FRANS PÁFI Baðar sig í mannfjöldanum á Filippseyjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



VIÐ EIFFELTURNINN Ferðamannafjöldinn er ekki svipur hjá sjón. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árásin á Charlie Hebdo: Ferðamönnum fækkar í París

FRAKKLAND, AP Ferðamönnum í París hefur fækkað töluvert eftir árásina á ritstjórn skopmyndablaðsins Charlie Hebdo fyrr í mánuðinum.

„Það er búið að vera svo rólegt eftir árásirnar. Það er varla nokkur maður hér,“ segir Kamel Bougrab, sem selur samlokur rétt hjá Eiffelturninum. Hinar löngu biðraðir sem venjulega myndast við inngang Eiffelturmsins eru varla svipur hjá sjón lengur og mannþröngin er víðs fjarri.

Talsmaður Eiffelturmsins bendir þó á að janúarmánuður sé yfirleitt rólegur.

Komst ekki til meðvitundar: Lést eftir árás á Hverfisgötu

LÖGREGLUMÁL Maður sem var sóttur meðvitundarlaus í hús á Hverfisgötu á föstudagskvöld lést í gær. Hann komst ekki aftur til meðvitundar. Maðurinn, sem var frá Litháen, var skráður líffæra-gjafi og kom flugvél til landsins og sótti úr honum líffærin.

Lögreglan yfirheyrði fimm manns, fjóra karla og eina konu, í tengslum við málið. Fólkið hafði áður verið yfirheyrð í tengslum við hnífsstunguárás í nóvember en hún átti sér stað í sama húsi og maðurinn sem lést í gær missti meðvitund.

UMHVERFISMÁL Mælingar og vöktun Hafrannsóknastofnunar sýna að lítið sem ekkert af síld gekk þetta árið inn í Kolgrafafjörð til vetursetu – og hætta á síldardauða því ekki fyrir hendi. Tengiliðahópur ráðuneyta, stofnana og heimamanna vegna síldardauðans og frekari hættu á slíkum atburðum hefur lokið störfum.

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri nytjastofnasviðs Hafrannsóknastofnunar, segir að lítið sem ekkert af síld hafi verið inni á Kolgrafafirði í vetur, spurður um aðstæður í firðinum í ljósi síldardauðans mikla sem þar varð veturinn 2012/2013 í tveimur aðskildum tilvikum.

Þorsteinn segir að mælingar stofnunarinnar í desember síðastliðnum hafi þá sýnt að um 10.000 tonn voru í firðinum, og súrefnismettun hafi þá verið eins og best verður á kosið, en Hafrannsóknastofnun setti upp sírita fyrir súrefnismettun í nóvember. Síldin hefur hins vegar haldið sig í Kolluál, sem er vestur af Snæfellsnesi, og hætta á síldardauða úr sögunni á meðan svo helst, að sögn Þorsteins.

Hugi Ólafsson, skrifstofustjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, starfaði innan sérstaks tengiliðahóps um Kolgrafafjörð sem var stofnaður eftir síldardauðann. Hópurinn hefur verið lagður niður, að sögn Huga, enda vettvangur fyrir hugmyndir og skoðanaskipti þegar þessi vó var yfirvofandi.

Hugi segir að þrátt fyrir gott útlit hafi vöktun ekki verið afturkölluð, og svo verði áfram til öryggis. Hann nefnir að líkur séu til að elsti árgangur sumargots-síldarinnar hafi vandið komur sínar inn í fjörðinn – og hann sé nú horfinn úr stofninum að stórum hluta til.

Spurður um kostnað vegna



SÍLDARTEPPI Dauð síldin lagðist yfir fjörur og á botn fjarðarinnar. Mikil mengun hlaut af.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ÞORSTEINN SIGURÐSSON



HUGI ÓLAFSSON

aðgerða stjórnvalda vegna atburðanna í Kolgrafafirði segir Hugi það ekki hafa verið tekið saman nákvæmlega svo hann viti. Þó er ljóst að hann hleypur á nokkrum tugum milljóna, en ríkisstjórnin samþykkti fjárheimild upp að 35 milljónum í eitt skipti á ári eftir síldardauðann. Hugi tekur undir þá skoðun að þeir fjármunir sem hafa verið settir í verkefnið nýtist áfram, enda mikil vitneskja fallið

52.000 tonn drápuð veturinn 2012/2013

■ Niðurstöður mælinga Hafrannsóknastofnunar sýndu að um 22.000 tonn af síld drápuð í Kolgrafafirði í febrúar 2013, til viðbótar þeim 30.000 tonnum sem drápuð í firðinum í desember 2012.

■ Í desember síðastliðnum voru 10.000 tonn af síld í firðinum. Til samanburðar voru á milli 200.000 til 300.000 tonn af síld innan brúar í Kolgrafafirði þegar síldardauðinn varð.

■ Hafrannsóknastofnun benti snemma á þann möguleika að breytinga mætti vænta þegar elstu árgangar síldarinnar þynntust út – enda síldin dyntótt hvað val á vetursetustöðvum sínum varðar eins og margoft hefur sýnt sig. Þetta mat var ein meginstöðin í ráðgjöf stofnunarinnar.

■ Lífríkið í firðinum er stóra spurningarkerkið næstu árin. Rannsókn sýndi að dýrategundum í firðinum fækkaði úr 110 í 26 vegna mengunar frá rotnandi síld.

til um lífríkið sem nýtist í framhaldinu á ýmsan hátt.

„Það skapaðist á sínum tíma hálfgerð paníkástand, enda hafði þetta aldrei gerst áður í sögunni.“

Það var líka full ástæða til að hafa áhyggjur, enda var rætt um aðgerðir sem hefðu kostað hundruð milljóna eða milljarða,“ segir Hugi.

svavar@frettabladid.is

Nýjar vélar á nýju ári

JANÚAR TILBOÐ

advania.is/vinnufelagar


Hafðu samband í síma 440 9010 eða í tölvupósti á sala@advania.is

advania Welcome to IT

* Tilboð gilda til 31.01.2015 eða á meðan birgðir endast.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



SVIPTINGAR Í dag gengur kröpp lægð yfir landið með talsverðum vindi og ofankomu, einkum sunnan og vestan til. Það hlýnar í veðri en kólnar á ný á morgun. Á miðvikudag verður hæg breytileg átt um allt land og víða bjart, síst suðaustan til.

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Hjördis Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFID/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrnannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

Gegn verkjum og hita - í tengslum við kvef og flensu

Nýtt!



3:1



Hitalækkandi - virkar í allt að 8 klst.



Verkjastillandi - verkun hefst innan 30 mín.



C-vítamín (45 mg)

Therimin Honung&Citron 500 mg, miktúruft, lausn. Inniheldur parasetamól. Ábendingar: Er ætlað til skammtímameðferða við verkjum og eða hita, t.d. vægum eða meðalmiklum verkjum og hita í tengslum við kvef og flensu, höfuðverk, vöðva- og liðverkjum, tannverk og tíðaverk. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir: Einn til tveir skammtapokar af dufti (500 til 1000 mg) leyst upp í heitu vatni á fjögurra til sex klst. fresti, eftir þörfum, allt að 4 sinnum á dag. Hámarks-skammtur á sólarhring eru 6 skammtapokar á 24 klst. (3000 mg af parasetamóli á 24 klst.). Venjulega er nóg að nota einn skammtapoka í einum skammti. Heildarskammtur af parasetamóli má ekki fara yfir 60 mg/kg/sólarhring fyrir unglunga og fullorðna sem eru léttari en 50 kg. Börn: Skammtar eru háðir aldri og líkamsþyngd. Stakur skammtur getur verið frá 10 til 15 mg/kg líkamsþyngdar. Hámarks-skammtur á sólarhring er 60 mg/kg/líkamsþyngdar. Börn yngri en 12 ára: Ekki er mælt með notkun lyfsins hjá börnum yngri en 12 ára. 12 til 15 ára unglingar sem vega frá 41 til 50 kg: Einn skammtapoki í hverjum skammti, á fjögurra til sex klst. fresti, eftir þörfum, allt að fjórum sinnum á sólarhring. Hámarks-skammtur er 4 skammtapokar á 24 klst. (2000 mg af parasetamóli á 24 klst.). 16 til 18 ára unglingar sem eru þyngri en 50 kg: Sami skammtur og fyrir fullorðna. Stærri skammtar en mælt er með geta leitt til alvarlegrar lífraskemmda. Ef verkur varir lengur en 5 daga eða hiti lengur en 3 daga, eða ef ástand versnar skal leita ráða hjá lækni. Skert lífrarstarfsemi: Hjá sjúklingum með skerta lífrarstarfsemi eða Gilberts heilkenni, verður að minnka skammta eða lengja tímabilið á milli skammta. Skert nýrnastarfsemi: Hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi á að minnka skammta. Gauklasiunarhraði 10-50 ml/min, skammtur 500 mg á 6 klst. fresti. Gauklasiunarhraði < 10 ml/min, skammtur 500 mg á 8 klst. fresti. Lyfjagjöf: Innihaldið úr 1-2 skammtapokum á að leysa upp í venjulegri drykkjarkönnu af heitu, en ekki sjóðandi, vatni (u.þ.b. 250 ml). Þegar 2 pokar eru notaðir má bæta við meira vatni eftir smekk. Drekkja á vökvann þegar hann hefur kólnað, þannig að hitastigið sé mátulegt. Frábendingar: Öfnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna. Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun: Gæta skal varúðar við gjöf parasetamóls hjá sjúklingum með miðlungsmikla eða verulega skerðingu á nýrnastarfsemi, væga til miðlungsmikla skerðingu á starfsemi lífrarfrumna (þ.m.t. Gilberts heilkenni), alvarlega skerðingu á lífrarstarfsemi (Child-Pugh >9), bráða lífrarbólgu, sem eru á samhliðameðferð með lyfjum sem hafa áhrif á lífrarstarfsemi, með glúkósa-6- fosfat dehydógenasa skort, blóðlýsablóðleysi, vökvaskort, sem misnota áfengi og eru með langvinna vannæringu. Ráðleggja skal sjúklingum að nota ekki samhliða önnur lyf, sem innihalda parasetamól, vegna hættu á alvarlegum lífraskemmdum ef til ofskömmtunar kemur. Forðast skal áfenga drykki meðan á notkun lyfsins stendur, því notkun þess samhliða parasetamóli getur valdið lífraskemmdum. Gæta skal varúðar þegar parasetamól er gefið sjúklingum sem eru háðir áfengi. Upplýsingar um hjálparefni: Aspartam (E951), sem inniheldur fenýlalanín, sem getur verið skaðlegt fyrir sjúklinga með fenýlketónmigu. Natríum 38 mg í skammtapoka: Sjúklingar á natríumskertu matarræði þurfa að hafa þetta í huga. Súkrósi 5,3 g í skammtapoka: Sjúklingar með frúktósaþöpl glúkósa-galaktósa vanfrásög eða eða súkrasa-ísómaltasaburrð, sem eru sjaldgæfir argengir kvillar, skulu ekki taka lyfið. Einnig þarf að taka tillit til þess hjá sjúklingum með sykursýki. Allúra rautt AC (E129) 0,09 mg í skammtapoka: Er azo-lítarefni sem getur valdið ofnæmisviðbrögðum. Sojalesítín (E322). Ef þú ert með öfnæmi fyrir jarðhnetum eða soja skaltu ekki nota þetta lyf. Meðganga: Engar aukaverkanir eru þekktar af notkun parasetamóls á meðgöngu eða heilsu fósturs/nýbura. Við notkun undir venjulegum kringumstæðum má gefa parasetamól á öllum stigum meðgöngu, eftir að hlutfall milli ávinnings og áhættu hefur verið metið. Á meðgöngu á ekki að taka parasetamól í langan tíma, í stórum skömmtum eða samhliða öðrum lyfjum þar sem ekki hefur verið sýnt fram á öryggi notkunar í slíkum tilfellum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðlinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarléiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurláun 12a, 210 Garðabæ.

VEISTU SVARID?



1. Þrjú útgerðarfélag í Grímsey eru skuldum vafin. Hvað skulda þau samanlagt mikinn pening?
2. Hvaða íslenski fatahönnuður var valinn til að hanna tösku fyrir tískurísann Bvlgari?
3. Þeir sem verða fimmtugir árið 2015 fá óvenjulega afmælisgjöf. Hver er hún?

SVÖR
3. Skímanarþrótt fyrir blóði í hægðum.
1. Þrjú milljarða króna. 2. Anita Hirtlekar.

Samstarfsverkefnið Ocean Excellence skilaði íslenskum fyrirtækjum viðskiptasamböndum í Dúbaí: Þróa sardínu- og ansjósuþurrkun í Dúbaí

TÆKNI Fyrirtæki undir fána samstarfsverkefnisins Ocean Excellence sömdu í fyrra við fyrirtæki í Dúbaí um að gera tillögur vegna endurskipulagningar á þurrkun á ansjósnum og sardínunum þar í landi.

Samband komst á við áhugasama kaupendur tæknilausna fyrirtækjanna á sjávarútvegssýningunni í Brussel í fyrra þar sem Ocean Excellence kynnti nýja færana þurrkunarlausn. Þá eru nokkur önnur stór verkefni í burðarliðnum.

Stofnað var til verkefnisins árið 2012 en markmið þess er að þróa og selja tæknilausnir fyrir þurrkun matvæla á erlendum

vettvangi. Fyrirtækin Mannvit, Samey og Haustak standa að verkefninu en Haustak er í eigu Þorbjarnar og Vísis í Grindavík.

Fyrirtækin hófu samstarf á vettvangi Íslenska sjávarklasans þar sem rætt hafði verið um tækifæri til að koma íslenskri þekkingu í fullvinnslu aukaafurða betur á framfæri erlendis.

Viða um heim er lítið sem ekkert nýtt af ýmsum aukaafurðum fisks og því töldu fyrirtækin að tækifæri kynni að vera í frekari markaðssetningu íslenskrar þekkingar á þessu sviði, ekki síst tækni til þurrkunar matvæla.



HJALLAR Sífelld eru þróaðar nýrri og betri aðferðir við að þurra matvöru. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



BÁLREIÐIR Stuðningsmenn trúarhópsins Jamaat-ud-Dawa mótmæla myndbirtingum í franska skoptímáritinu Charlie Hebdo í Lahore í Pakistan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Teikningar Charlie Hebdo af Múhameð spámanni vekja úlfúð: Trúarhópar mótmæla í Pakistan

PAKISTAN, AP Ólíkir stjórn mála- og trúarhópar mótmæltu í Pakistan í gær fjórða daginn í röð því sem kallað er guðlast franska tímaritsins Charlie Hebdo með birtingu á skopmyndum af Múhameð spámanni.

Fjöldmennustu mótmælin áttu sér stað í borginni Lahore, þar sem yfir tíu þúsund fylgismenn harðlínusamtakanna Jamaat-ud-Dawa kölluðu „Niður með Charlie Hebdo“ og „Dauði yfir guðlastarana“.

Hafiz Mohammad Seaeed, leiðtogi Jamaat-ud-Dawa, hvetur leiðtoga múslimskra landa til að þrýsta á Sameinuðu þjóðirnar um að gera guðlast í hvað formi sem er að alþjóðlegum glæp.

- óká

Vill hækka skatta á auðugasta fólkið

Barack Obama Bandaríkjaforseti hyggst nota hina árlegu stefnuræðu sína á morgun til að hvetja þingið til að hækka skatta á ríkustu einstaklingana í Bandaríkjunum. Enginn reiknar með að þingmeirihluti repúblikana fallist á þetta.

BANDARÍKIN, AP Með því að setja fram áskorun um skattahækkunir á hátekjufólk og auðkýfinga setur Obama repúblikana, sem eru með meirihluta í báðum þingdeildum, í þá stöðu að þurfa að verja hagsmunum hinna ríku gegn hagsmunum annarra.

Fram hefur komið að hann vilji hækka fjármagnstekjuskatt á þá sem hæstu tekjurnar hafa. Enn fremur vill hann afnema undanþágur á erfðaskatti og leggja ný gjöld á stærstu fjármálafyrirtækin. Með þessu fái ríkissjóður tekjur, sem nota megi til að fjármagna skattaafslátt og fleira sem gagnast myndi miðtekjufólki.

Embættismenn segja tekjurnar fyrir ríkissjóð geta numið 320 milljörðum dala næsta áratuginn, en það samsvarar rúmlega 42.000 milljörðum króna.

Reikna má með því að þessar hugmyndir verði þær sem einna harðast verður deilt um í bandarískum stjórn málu á þeim tveimur árum sem eftir eru af seinna kjörtímabili Obama. Um leið setur Obama tóninn fyrir forsetakosningarnar árið 2015, þar sem arftaki hans á forsetastól verður valinn.

Repúblikanar eru þegar farnir að andmæla harðlega þessum hugmyndum, þótt ræðan sé enn óflutt: „Að slengja meiri skattahækkunum framan í bandarísk smáfyrirtæki, sparifjäreigendur og fjárfesta gerir ekkert annað en að ónýta ávinning þeirrar skattastefnu sem hefur hjálpað til við að styrkja efnahaginn, hvetja til sparnaðar og skapa ný störf,“ hafa



BARACK OBAMA Repúblikanar hafa tekið illa í hugmyndirnar um skattahækkunir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

fjölmiðlar eftir Orrin G. Hatch, formanni fjármálanefndar öldungadeildar Bandaríkjaþings.

Ekki er búist við að Obama tilkynni neina meiriháttar stefnubreytingu í utanríkismálum, þótt almennt sé reiknað með að hann noti tækifærið til þess að fá þingið ofan af því að leggja nýjar refsiaðgerðir á Íran, nú þegar samningaviðræður við írönsk stjórnvöld um kjarnorkumál standa sem hæst. Þá er reiknað með að hann muni verja ákvörðun sína um að taka upp stjórn málasamband við Kúbu.

Stefnuræða forseta Bandaríkj-

320

milljarða dala telja embættismenn að ríkissjóður Bandaríkjanna geti haft upp úr krafsinu.

anna er jafnan flutt í janúar og hefur verið einn helsti vettvangur forsetans til að kynna áform sín þjóðinni. Undanfarin ár hefur áhorf á ræðuna þó minnkað jafnt og þétt. gudsteinn@frettabladid.is

Lyfjaauglýsing

20% afsláttur

Allar stærðir og styrkleikar Gildir til 31. Janúar

Lyf & heilsa
við hlustum!

Námskeið fyrir vinnuverndarfulltrúa (öryggisverði, - trúnaðarmenn og mannauðsstjóra)

Vinnuvernd ehf. og Mannvit hf. standa fyrir námskeiði sem ætlað er vinnuverndarfulltrúum.

Námskeiðið, sem stendur í tvo daga, fer fram í Reykjavík dagana **3. og 4. febrúar** milli kl. 8:30-15:30.

Skráning fer fram á www.vinnuvernd.is



VINNUVERND ehf.
vellidán í vinnu

MANNVIT

Viðurkennir þjónustuaðilar á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum.

Segir kýrnar ekki hafa verið spurðar að því hvort þær vilji liggja á básum: Óánægður með básareglugerð

LANDBÚNAÐUR Kúabóndi á Suðurlandi gefur lítið fyrir nýja reglugerð sem gerir ráð fyrir að básum verði útrýmt í fjósnum og að öll ný fjós verði sonefnd lausagöngufjós.

Matvælastofnun greindi fyrir helgi frá reglugerð sem byggir á nýjum lögum um velferð dýra, auk laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Fjölmeiri nýmæli eru í reglugerðinni, þar á meðal að leggja skuli af básahald nautgripa innan tuttugu ára og að öll ný fjós skuli vera lausagöngufjós. Þá er bændum gert að koma upp sérstökum burðarstíum innan tíu ára.

Daníel Magnússon, bóndi í Akbraut í Holtum í Rangárlingum ytra, er með nýtt fjós og er verulega ósáttur við nýju reglugerðina. „Kýrnar hafa ekki verið spurðar að því hvort þær vilja liggja á þessum eða þessum nýttiskubásum,“ segir hann. Hjá honum geti kýr valið um að vera á legubásnum eða hefðbundnu básunum gömlu. Reynslan sé að þær velji gömlu básana þar sem þær séu í friði og geti étið sinn mat. „En á hinum básunum eru þær alltaf flöktandi og hafa aldrei sinn bás og þetta öryggi.“

Daníel kveðst ósáttur við Matvælastofnun. „Mér



Í FJÓSINU Daníel Magnússon bóndi er verulega ósáttur við nýja reglugerð Matvælastofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/MHH

finnst hún vera farin að stefna í að láta okkur bændur stunda hálfgerð dýraníð með þessari reglugerð um aðbúnað á þessum básum. Kýr sem eru komnar nálægt burði, þær vilja ekki liggja á þessum nýttiskubásnum,“ bætir hann við.

- mhh

HÖFUM OPNAÐ FYRIR
SKRÁNINGAR Á VORÖNN

BÍÐUR NÝR FRAMI EFTIR ÞÉR?

Exchange

Windows Server 2012

NÆG TÆKIFÆRI FYRIR
TÆKNIMENNTAÐA

NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF MIÐVIKUDAGINN 21. JANÚAR KL. 17.30

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

„Aldrei hefur verið meiri eftirspurn eftir tæknimenntuðu fólki. Því er spáð að tæknimenntað fólk muni í auknum mæli verða valið umfram aðra sem eru ekki tæknimenntaðir. Nám Promennt á þessu sviði er mikilvægur hlekkur í þessari þróun og ég sé aukna eftirspurn meðal samstarfsaðila og viðskiptavina Microsoft eftir tæknimenntuðu fólki, meðal annars frá Promennt.“

Heimir Fannar Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi.

www.promennt.is

FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

Stígðu þín fyrstu skref í tækniheiminum! Geysilega öflug námsbraut í kerfisstjórnun, aðeins í boði hjá Promennt. Framabraut – Kerfisstjórnun er unnin í samstarfi við Microsoft og var námsbrautin sett upp í samvinnu við mörg af stærstu upplýsingatæknifyrirtækjum á Íslandi með þarfir þeirra í huga.

▶ AF HVERJU FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN?

Mikil eftirspurn er eftir fólki með sérfræðimenntun og sérfræðipækkingu í upplýsingatækni um þessar mundir og leita íslensk fyrirtæki í sívaxandi mæli eftir starfsfólki í nemendahópi Promennt. Til þess að gera fólki kleift að kynna þessum spennandi markaði bjóðum við upp á geysilega öfluga tveggja anna námsbraut í kerfisstjórnun sem samanstendur af 7 námseiningum (alls 520 kennslustundir). Með þessu námi er hægt að byrja alveg á byrjuninni og byggja upp góða undirstöðu og grunn fyrir mjög kröfuharðar námseiningar sem á eftir koma. Að loknu námi á Framabraut – Kerfisstjórnun eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er sérlega mikilvægt að hafa í farteskinu þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum.

▶ FYRIR HVERJA?

Um er að ræða mjög gagnlega og áhugaverða námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að ná frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. Námið er því upplagt fyrir byrjendur í upplýsingatækni þar sem hvorki er krafist reynslu né annarrar menntunar á sviði upplýsingatækni.

▶ FJÁRMÖGNUN

Ýmsar leiðir eru í boði til fjármögnunar á námsbrautinni (m.a. raðgreiðslur, styrkir frá stéttarfélögum, styrkir fyrir atvinnuleitendur o.fl.). Við hvetjum alla sem hafa áhuga að hafa samband við okkur og við aðstoðum hvern fyrir sig við að finna bestu fjármögnunarleiðina.

„Þessi námsbraut lítur virkilega vel út. Hún tekur á nær öllum þáttum daglegs starfs kerfisstjóra hjá miðlungsstóru fyrirtæki og upp úr. Ég man ekki eftir að hafa séð svona heildstætt og markvisst kerfisstjóranám áður. Þetta nám er hvern krónu virði fyrir þá sem vilja verða góðir IT kerfisstjórar og þeir sem taka prófin eru komnir með menntun og hæfni sem er alþjóðlega viðurkennd.“

Bergþór Hauksson, Segment product owner in production hjá CCP og fyrrum forstöðumaður upplýsingatæknisviðs hjá Sjóvá.

Skráning fer fram á vefnum okkar, www.promennt.is, og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

▶ VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

Undirbúningur: Námstækni með MindManager 12 std.

1. hluti: Tölvuviðgerðir A+ 50 std.

2. hluti: Network+ 50 std.

3. hluti: CCNA (Cisco Certified Network Associate) 126 std.

4. hluti: Virtualization 10 std.

5. hluti: MCSA 180 std.

6. hluti: Exchange 2013 50 std.

7. hluti: Verkefnadagar/lokaverkefni seinni annar 42 std.

Hefst: 26. jan. (síðdegishópur) og 27. jan. (kvöldhópur) 2015

Lýkur: 22. jan. 2016

Námskynning og ráðgjöf: miðvikudaginn 21. janúar kl. 17.30

Verð án prófa: 799.000 kr.

Verð með 8 alþjóðlegum prófum: 999.000 kr.

„Þegar ég lauk náminu fékk ég strax vinnu. Námið var gífullega skemmtilegt og krefjandi. Kennararnir eru allt toppfólk úr bransanum, gríðarlegir vísukbrunnar og mjög gott að nálgast þá til að fá aðstoð.“
Magnús Gylfi Hilmarsson,
Framabraut – Kerfisstjórnun, lauk námi vor 2013



Gæðavottun
fræðsluáðila



Promennt er eini
Microsoft-vottaði
skólinn á Íslandi



Hjá Promennt er
einnig boðið upp á
fjarkennslu í beinni



Hjá Promennt er
boðið upp á dag-
og kvöldnám

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • promennt.is

PROMENNT

EINSTÖK TILBOÐ!

GERÐU FRÁBÆR KAUP

WWW.BÍLALAND.IS



Rnr. 142158

GÖNGUM FRÁ
FJÁRMÖGNUN Á
STADNUM

RANGE ROVER VOGUE
Nýskr. 05/06, ekinn 176 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.970.000

**TILBOÐSVERÐ!
4.270 þús.**



Rnr. 282067

RENAULT MEGANE SCENIC
Nýskr. 12/07, ekinn 79 þús km.
bensín, beinskíptur.
Verð áður kr. 1.340.000
TILBOÐ kr. 970 þús.



Rnr. 142051

HYUNDAI ix35
Nýskr. 06/11, ekinn 91 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.230.000
TILBOÐ kr. 2.690 þús.



Rnr. 281868

NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 04/11, ekinn 122 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.140.000
TILBOÐ kr. 2.590 þús.



Rnr. 281815

RENAULT MEGANE SP. TOURER
Nýskr. 06/11, ekinn 75 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.540.000
TILBOÐ kr. 2.190 þús.



Rnr. 131295

SSANGYONG KYRON
Nýskr. 02/10, ekinn 106 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.990.000
TILBOÐ kr. 2.390 þús.



Rnr. 280695

NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/08, ekinn 134 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.990.000
TILBOÐ kr. 3.290 þús.

bílaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Efast um heimildina fyrir varnargörðum

Landgræðslan segir ágang vatns úr Skaftá ógna grónu landi í Eldhrauni. Stofnunin vill láta loka fyrir vatn sem varnargarðar stöðva ekki nú þegar. Veidimálastofnun segir mikla sjóbirtingsstofna og gríðarlega veiði þá verða úr sögunni.

Garðar Örn
Úlfarsson

gar@frettabladid.is



UMHVERFISMÁL Veidimálastofnun mótmælir því áliti Orkustofnunar að Landgræðslan megi gera allt sem þurfi til að varna landbroti við Skaftá.

„Landgræðslan fór fram á það við Orkustofnun að kanna hvort leyfi væru fyrir vatnaveitingum út á Eldhraun úr Skaftá,“ segir Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veidimálastofnunar. Orkustofnun hafi engin slík leyfi fundið.

„Þeir klykktu svo út með að Landgræðslan mætti gera allt til að varna landbroti við Skaftá. En við vildum meina að þeir hefðu betur gáð að því hvort það væri leyfi fyrir þessum gördum,“ segir Sigurður og vísar þá til varnargarða sem hindra að vatn fari úr Skaftá út á Eldhraun.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hafa veiðiréttar eigendur í Grenlæk stefnt ríkinu og Skaftárhreppi vegna minnkandi veiði sem þeir segja stafa af vatnsskortri á svæðinu vegna varnargarðanna. Þeir voru byggðir fyrst og fremst til að verja þjóðveginn um Eldhraun. Þá þornaði á vatnasvæðinu fyrir neðan og sett voru rör í garðana þannig að eitthvað af vatni nær út á hraunið.

„Landgræðslan vill stoppa þetta rennsli af því að jökulvatnið ber með sér aur og kæfir mosa en bændur vilja fá vatn í lækina sína og um þetta hefur verið tekist í nær tuttugu eða þrjátíu ár,“ segir Sigurður sem kveður málið í raun ósköp einfalt.

„Svo mikið vitum við í vatnalíffræði að vatnalíf – svo ég tali nú ekki um fisk – þarf vatn. Við horfðum á efri hlutann í Grenlæk þarna alveg upp vorið 1998. Þá fóru allir þeir seiðaárgangar sem voru í ánni. Það bjargaði því að við áttum eitthvað af fullorðnum fiski neðar í læknum sem gat hrygnt ári síðar,“ segir Sigurður. Hann telur að það hljóti að vera til lausn sem allir geta sætt sig við.

„Ef þessu er bara lokað eins og Landgræðslan vill gera þá náttúrulega einfaldlega þarna þessir lækir og þá getum við gleymt þeim. Þá drepst allt og það finnst okkur dálítið drastísk aðgerð miðað við að þarna er gríðarleg sjóbirtingsveiði. Og Grenlækur er nú einu sinni á Náttúruminjaskrá út af lífríki og fuglalífi.“



„Ef þessu er bara lokað eins og Landgræðslan vill gera þá náttúrulega einfaldlega þarna þessir lækir og þá getum við gleymt þeim. Þá drepst allt og það finnst okkur dálítið drastísk aðgerð miðað við að þarna er gríðarleg sjóbirtingsveiði.“

Sigurður Guðjónsson,
forstjóri Veidimálastofnunar.



ÁFOK SANDS Á GRÓIÐ LAND Horft frá suðurhlíð Kistufells til suðvesturs yfir sandi orpin svæði.
MYND/LANDGRÆDSLAN

Landrof við Eldhraun

„Á síðustu áratugum hafa orðið miklar breytingar á gróurfari og jarðvegsrofi í Eldhrauni á Út-Síðu, hér eftir nefnt Eldhraun, sérstaklega út frá farvegi Skaftár, meðal annars við Árkvíslar þar sem þær renna niður í Brest, við Skálarál, Blöðku og á fleiri stöðum ...

... Þessar breytingar má fyrst og fremst rekja til aukins ágangs sands og jökulleirs frá Skaftá, bæði í sumarrennsli og vegna tíðra jökulhlaupa í Skaftá síðustu áratugi og einnig vegna vatnaveitinga út á Eldhraunið ...

... Stór svæði eru komin meira og minna á kaf í sand og leir, sérstaklega þar sem vatn flæðir yfir í Skaftárhlaupum og þegar mikið rennsli er síðsumars í Skaftá ...

... Ekkert bendir til að þessi þróun breytist því auk þess gífurlega magns af sandi og leir sem nú er á svæðinu þá bætist sífellt meira við með framburði Skaftár. Magn fokfna inni á hrauninum eykst því eftir því sem Skaftá hleður meira undir sig og flæmist lengra inn á hraunin.“

Úr úttekt Landgræðslunnar 2012.

ELDHRAUN OG VATNAKERFIÐ



KORT Grenlækur, Tungulækur og fleiri góðar veiðistöðvar eru í Eldhrauni.

KORT/BYGGT Á SKÝRSLU VEIÐIMÁLASTOFNUNAR



GRENLÆKUR Í MAÍ 1998 Góð uppeldis- og hrygningarsvæði á þurru í Grenlæk.

MYND/GUÐNI GUBBERGSSON



VIÐ VATNSHÆÐARMÆLI Vorið 1998 voru um 13 kílómetrar af árfarvegi Tungulækjar þurrir.

MYND/GUÐNI GUBBERGSSON



RISA ÚTSALA á Heimkaup.is Allt á afslætti

Nú er allt á afslætti!
Á síðustu útsölu
varð allt vitlaust...
ekki missa af þessu.

allt að **70%**
afsláttur



Með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Meirihluti Íslendinga verslar á netinu! Komdu í hóp tugþúsunda ánægðra viðskiptavina Heimkaup.is

Öryggi - ekkert mál
að skila eða skipta

Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

Hægt að greiða
við afhendingu

Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

Frí heimsending
samdægurs

Pantaðu fyrir kl. 17⁰⁰ og við sendum frítt heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag víðast hvar á landsbyggðinni. Frítt ef pantaðu er fyrir 4.000,- eða meira.

Heimkaup.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700

HEIMKAUP

Framtíðarsjóður Hjálparstarfs kirkjunnar styrkir 78: Ungmennni þakklát fyrir styrk

HJÁLPARSTARF Skólaárið 2013-2014 fengu 78 ungmenni í 13 sveitarfélögum og 18 framhaldsskólum styrk úr Framtíðarsjóði Hjálparstarfs kirkjunnar til greiðslu skólagjalda og fyrir bóka- og efniskostnaði. Meðalupphæð hvers styrks var 36.564 krónur. Þá fengu tólf ungmenni fartölvu að auki.

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og umsjónarmaður hjálparstarfs innanlands, segir fjöldann hafa verið svipaðan undanfarin ár. Hún segir ungmennin þakklát fyrir stuðninginn. „Sumir koma til okkar eftir útskrift, þakka fyrir sig og spyrja hvað þeir geti gert og látið af hendi rakna. Þetta eru sólskinsögurnar okkar í vinnunni sem manni veitir nú ekki stundum af.“

Hjálparstarf kirkjunnar styður 16 til 20 ára ungmenni til stúdentsprófs, sveinsprófs eða annars sem leiðir til starfsréttinda eða opnar leið til háskólanáms.



VILBORG
ODDSDÓTTIR

Vongóð um að fá að starfa sem læknir

Liana Belinska fer á fund forseta Læknadeildar síðar í mánuðinum. Hún vonast til þess að komast inn í læknadeildina án þess að taka inntökuþróf og fá að starfa sem læknir hérlendis eftir að hafa árangurslaust reynt að fá menntun sína metna.

ATVINNUMÁL „Það lítur út fyrir að það gæti verið eitthvað að gerast, ég vona það,“ segir Liana Belinska, sem sagði sögu sína í Fréttablaðinu í lok nóvember. Liana er menntaður kvensjúkdómalæknir frá Úkraínu en hefur starfað á leikskóla í átta ár þar sem hún hefur ekki fengið menntun sína metna hérlendis, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Liana hafði fengið viljröfi fyrir því að komast inn í læknadeildina og taka síðustu þrjú ár læknánámsins gegn því að standast inntökuþróf í deildina. Liana vildi hins vegar ekki taka inntökuþrófið þar sem hún hefur þegar lokið námi og í prófinu er spurt um almenna þekkingu sem getur reynst þeim sem hafa ekki alist upp á Íslandi erfið.

Eftir að viðtalið við Liönu birtist höfðu fjölmargir samband við hana, bæði fólk sem er stutt í sömu aðstæðum og aðrir sem vildu sýna henni stuðning. Á meðal þeirra er þingmaðurinn Jón Þór Ólafsson sem vildi kynna sér málið til þess að reyna að hjálpa Liönu og öðrum í sambærilegri stöðu. Liana og eiginmaður hennar hittu Jón Þór sem fór svo í kjölfarið á fund forseta Læknadeildar Háskóla Íslands.

Það er læknadeildin sem fer yfir umsóknir þeirra sem sækja um að fá læknaleyfi hérlendis eftir að landlæknir hefur sent umsóknina til þeirra.

„Ég átti mjög uppljómandi spjall með honum og þeim aðila sem metur þetta. Í dag er það þannig að sitja þarf inntökuþróf sem byggir líka á almennri þekkingu. Þessi almenna þekking miðar að þeim sem hafa alist upp á Íslandi eða búið hér mjög lengi þannig að það próf mismunar fólk,“ segir Jón Þór.



VONGÓÐ Liana er bjartsýn á að eitthvað sé að þokast í hennar málum og mögulega fái hún að starfa sem læknir hérlendis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er skref í rétta átt ef þessi almenni hluti verður minnkaður en til þess að fara alla leið með þetta þá væri best að taka alveg út þá þætti sem mismuna fólk í inntökuþrófi á forsendu almennrar þekkingar.“

Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata.



Hann segist hafa fengið þær upplýsingar að til stæði að breyta fyrirkomulaginu en ástæðan fyrir inntökuþrófinu væri meðal annars að koma í veg fyrir að fólk sleppti því að taka inntökuþrófið, byrjaði námið erlendis og kæmi svo hingað og tæki restina af náminu. „Það er skref í rétta átt ef þessi almenni hluti verður minnkaður en til þess að fara alla leið með þetta þá væri best að taka alveg út þá þætti sem mismuna fólk í inntökuþrófi á forsendu almennrar þekkingar,“ segir Jón Þór.

Hann telur þetta vera mikið réttindamál fyrir þá sem koma

hingað til lands og vildi komast að því hvað það væri sem stæði í vegi fyrir þeim sem fá menntunina ekki metna.

Það kom einnig í ljós að hægt er að taka annað próf sem metur verklega kunnáttu lækna og kemur til greina að Liana fái að taka það próf. Hún mun fara á fund forseta læknadeildar síðar í þessum mánuði og er vongóð um að hún fái að starfa sem læknir hér einn daginn.

„Ég ætla allavega að reyna, nú virðist eitthvað vera að gerast,“ segir Liana vongóð og spennt fyrir framhaldinu.

viktoria@frettabladid.is



- Lífið heil

Lægra verð í Lyfju



Nicorette lyfjatyggigúmmí

Allar pakningastærðir, 2 og 4 mg

20% afsláttur

Gildir til

31. janúar 2015

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT



Ókeypis heyrnarmæling síðan 2004

Beltone First™

Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone First™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.



Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrri styrkerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.



Á SJÓ Útflutningsverðmæti þorskaflurða árið 2013 voru núvrt 88,5 milljarðar króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Í fyrra var aflu 88.000 tonnnum meiri en 2008

SJÁVARÚTVEGUR Þorskafla íslenskra skipa var 88.000 tonnnum meiri í fyrra en árið 2008; var 151.000 tonn en jókst í 239.000 tonn á þessum sex árum.

Í samantekt Landssambands smábátaeigenda (LS) kemur fram að þorskafla síðustu þriggja ára er vel yfir meðaltali síðustu 15 ára, og aflu síðasta árs sá mesti frá aldamótum. Meðaltal tímabilsins 2000–2014 var 199.500 tonn.

Þegar önnur mikilvægasta botnfisktegundin, ýsan, er skoðuð er myndin önnur. Þar er aflinn minnstur í upphafi og við lok tímabilsins – rúmlega 30.000 tonn. Um

miðbik tímabilsins er ýsuaflinn hins vegar yfir meðaltali sex ár í röð. Mestur var hann 2007 rúm 109.000 tonn en minnstur árið 2000 rúm 33.000 tonn. Ýsuafla íslenskra skipa var að meðaltali rúm 66.000 tonn á tímabilinu.

LS skoðaði þróun botnfiskafllans í heild síðastliðin 15 ár. Þar var meðaltalið rúm 465.000 tonn. Árið 2006 skilaði mestum afla, alls tæpum 516.000 tonnnum. Minnstur var botnfiskafla íslenskra skipa 2001 um 420.000 tonn. Á aðeins einu af undanföllum fimm árum var aflinn yfir meðaltali tímabilsins 2000 til 2014.

- shá

EKKERT PINN ENGIN HEIMILD

Nú verður þú að nota pinnið. Frá og með **19. JANÚAR** kemur græni takkinn á posanum ekki lengur til hjálpar ef þú manst ekki pinnið þitt. Ef þú staðfestir ekki með pinni þá áttu á hættu að fá ekki heimild fyrir greiðslunni.

Vertu klár með pinnið.



ISLENSKA/SIA/IS/FCM/72482/0115



UNDANTEKNINGAR

- Ef þú getur ekki notað pinnið vegna fötlunar eða af heilsufarsástæðum skaltu ræða við útgefanda kortsins, banka eða sparisjóð. Útgefendur greiðslukorta eiga sértækar lausnir sem kunna að gagnast þér.
- Ef kortið þitt er án örgjörva skrifar þú áfram undir greiðslukvittun.

Samfélagið stendur ekki undir skuldunum:

Skuldirnar eyða byggð í Grímsey

Vandi Grímseyinga virðist ófyrstíganlegur, að óbreyttu. Útgerðarfyrtækin þrjú, sem framtíð byggðarinnar byggist á, skulda Íslandsbanka þrjá milljarða króna. Með öllu er vonlaust að jafn fámenn sveitarfélag geti aflað tekna fyrir afborgunum og öllu öðru, svo sem launum, útgerðarkostnaði, uppbyggingu og nauðsynlegu viðhaldi. Mestar skuldirnar eru tilkomnar vegna kvótakaupa.

„Það er hægt að viðhalda byggð í Grímsey ef allir leggjast á árarar og hjálpast að; útgerðarmenn, íbúar, fjármálastofnanir og landshlutasamtök. Ef samstaða næst ekki, þá leggst byggð líklega af í eygni,“ sagði Þóroddur Bjarnason, stjórnarformaður Byggðastofnunar, í samtali við Fréttablaðið.

Svo alvarleg er staðan. Eftir 800 ára byggð, sjósókn við gjöful mið, hefur mannlíf haldist í eygni. Nú kann að verða bundinn endir á það.

Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is



Gunnar Hannesson, útgerðar- maður í Grímsey, telur að íþyngjandi aðgerðir Íslands- banka geti endað byggð í eygni. „Það er alveg ljóst að þeir vilja fá borgað. Við erum að berjast við vanda sem varð til í hruninu og því er þetta afar erfitt. Við eigum fyrir skuldum og vel það, það er ekki málið, en Íslandsbanki vill fara að fá greitt og vill að við seljum. Ef enginn er kvótinn í eygni þá verður engin byggð heldur í eygni,“ segir Gunnar segir, Grímseyingar eiga kannski eignir á móti skuldum en einu verðmætin, að mati lánardrottna, er kvóti og ef hann gengur upp í skuldir eru engin verðmæti eftir, engir atvinnuöguleikar, engar tekjur og þá engin byggð.

Þrjú útgerðarfélög eiga kvóta svo einhverju nemur í Grímsey. Það eru fyrirtækin Borgarhöfði ehf., Sigurbjörn ehf. og Sæbjörg ehf. Fyrirtækin eru öll í viðskiptum við Íslandsbanka. Rekstur fyrirtækjanna er afar viðkvæmur og erfitt er fyrir þau að greiða af lánum sínum. Gunnar Hannesson sagði vandann hafa orðið til í hruninu 2008. Hann benti á að eignir félaganna dygðu fyrir skuldum.

Eflaust er vilji víða til að viðhalda byggð í Grímsey. En til að það verði þarf svo margt að koma til. Vissulega er staðan í eygni afleiðing af kvótalögunum. Án takmarkana myndu Grímseyingar bara róa út fyrir bryggjusporðinn og fiska eins og þeir gerðu í meira en 750 ár af þeim 800 sem þeir hafa byggt Grímsey. Nú er staðan önnur. Íslandsbanki ræður í sjálfu sér næsta fram- haldi. „Það er alveg ljóst að þeir vilja fá borgað,“ sagði Gunnar Hannesson.

„Ljóst er að atvinnuþróun í Grímsey er viðkvæm og því hefur bankinn komið að umræðu um með hvaða hætti tryggja megi atvinnu til framtíðar á svæðinu,“ sagði formælandi Íslandsbanka í samtali við Fréttablaðið.

Þessi er staðan í Grímsey, og reyndar víðar. Á meðan byggð- inni þar blæðir getum við hin þrefað um hvort kvótakerfið okkar sé besta fiskveiðistjórnunarkerfi í heimi eða ekki. Eins verðum við að spyrja og svara hvort við viljum meta að jöfnu hagvöxt og hagsæld, líka Grímseyinga. Meðan við veltum þessu fyrir okkur róa Grímseyingar enn einn lífróðurinn, nú í skuldahafi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Amerískir með klakavél



TILBOÐ

mabe



EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Staðan endurspeglar fylgið

Hún var fjörug umræðan í lok útvarps- þáttarins Sprengisandur á Bylgjunni í gær þar sem þingflokksformenn og aðrir talsmenn þingflokka tókust á um veturinn fram undan. Ásmundur Einar Daðason mætti fyrir hönd Framsóknar- flokksins og sagðist verða var við biturleika í stjórnarandstöðunni. „Við erum að horfa upp á það að landið er á góðri siglingu,“ sagði Ásmundur og bætti síðan við: „Mikið jákvætt er að gerast víða í atvinnulífnum, það verður tekið á þrotabúum föllnu bankanna af ríkisstjórn sem mun láta almennung þar í fyrsta sæti.“ Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, var snögður til svara og sagði: „Og allt endurspeglast þetta í fylgi Framsóknarflokksins.“

Átakalína

Ásmundur Einar sagði í sama þætti að sér hugnaðist ekki of mikill einka- rekstur í heilbrigðisþjónustunni. Þar gæti birst átakalína milli stjórnarflokka- nna, þar sem yfirlýsing um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins sem undir- rituð var fyrir tíu dögum inniheldur áform um að opna þurfi möguleika á fjölbreyttum rekstrarformum í heil- brigðisþjónustu. Raunar skrifuðu undir yfirlýsinguna, ásamt fulltrúum lækna, heilbrigðisráðherra, starf- andi fjármálaráðherra og síðast en ekki síst forsætisráðherra og samflokks- maður Ásmundar, Sigmundur Davíð Gunn- laugsson.

Fylgdist hann með?

Sigmundur Davíð sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær að hann teldi að það að skilja aðildarumsókn Íslands við ESB eftir í lausu lofti yrði erfiðara fyrir Sjálf- stæðisflokkinn en að slíta viðræðum, eins og hann og utanríkisráðherra hafa boðað. Þingflokksformaður Sjálfstæðis- flokksins, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, leit öðruvísi á málin í Sprengisandi, þar sem hún talaði um uppnám, ekki aðeins innan flokks síns heldur einnig meðal þjóðarinnar. Sambærileg tillaga olli miklum usla bæði innan þings og utan, þar sem boðað var til ítrekaðra mótmæla vegna svikinna kosningalof- orða og í kjölfarið lögð drög að stofnun nýs alþjóðasinnnaðs hægri flokks til höfuðs Sjálfstæðisflokknum. Var Sigmundur ekkert að fylgjast með í fyrra? fanney@frettabladid.is



HALLDÓR



Blessun fylgir bandi hverju

MENNING



Jakob Frímann Magnússon í stjórn ÚTÓNs

Eurosonic-hátíðin er nýafstaðin, en það er stærsta tónlistarhátíð og ráðstefna sinnar tegundar í Evrópu, haldin í borginni Groenigen í norðurhluta Hollands.

20 íslenskar hljómsveitir og listamenn átta þar afar sterka innkomu með atfylgi mennta- og menningarmálaráðherra Ill- uga Gunnarssonar, atvinnu- og nýsköpunar- ráðherra Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, borgarstjórans Dags B. Eggertssonar, Sig- tryggs Baldurssonar, framkvæmdastjóra ÚTÓNs, og fjölda annarra. Á annað hund- að Íslendinga dvöldu í borginni meðan á hátíðinni stóð enda Ísland þar í öndvegi að þessu sinni. Það verður að teljast mikill heiður og viðurkenning á ört fjölgandi land- vinningum smáþjóðar sem státar árlega af 1.400-1.500 tónleikum íslenskra hryntón- listarmanna utan landsteina. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra tók ásamt borgar- stjóra þátt í fjölmönnum umræðupanel um þátt Airwaves og tónlistarinnar í arðbærri ferðþjónustu. Mennta- og menningarmála- ráðherra flutti aðalræðu vel heppnaðrar Íslandsvöku sem hundruð gesta sóttu og skartaði meðal annars Árstíðum og Júlíusi Meyvant, auk nýrrar stuttmyndar um þann „falda“ íslenska þjóðararf sem inniber nær 70.000 íslensk lög og tónverk. Á miðjum fjölmönnum umræðufundi um íslensku tónævintýrin bárust svo gleðileg tíðindi af Óskarstilnefningu Jóhanns Jóhannssonar

sem hlaut mikið lófatak fundargesta. Frétt- in reyndist frískandi tillegg þeim frjóa og blómstrandi akri sem íslensk tónlistarflóra speglar um þessar mundir og svo mjög er horft til af grannþjóðum.

Bæði ríki og borg lögðu skipuleggjand- anum ÚTÓN, Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, lið við fjármögnun Eurosonic-verkefnisins. Auk myndarlegs stuðnings við verkefnið undirritaði borgar- stjóri svo nýverið samninga um áframhald- andi stuðning við Reykjavík Loftbrú og Músíktílaunir, sem er afar þakkarvert. Þá á Icelandair heiður skilinn fyrir aðkomu sína að öllum fyrrnefndum verkefnum.

Það embættisverk sem ríkisstjórnin gerði að síðasta verki sínu 2014 var sérstök tímamótaafgreiðsla 12 milljóna króna fjár- veitingar til Eurosonic-verkefnisins – beint af ríkisstjórnarborðinu. Í því embættis- verki felst mikil og táknræn viðurkenning á tilvist og mikilvægi þessarar starfsemi. Það skal þakkað af heilugum sem og efnidir allra þeirra fyrirheita sem stéttinni hafa verið gefin á undanförunum misserum af fyrrnefndum ráðherra og þá ekki síður forsætisráðherra, fjármálaráðherra og innanríkisráðherra. Víst ber að þakka en jafnframt að fagna, og njóta þess góða með- byrs sem íslenski tónlist hefur hlotnast á undanförunum árum. Megi sú blessun lengi vara og verða samfélaginu öllu til góða.

Heimurinn og hann

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur

Forsætisráðherra nennti ekki til Parísar í stóru gönguna og enginn úr aðstoðarmannahirð hans hafði döngun í sér til að rífa hann út úr híði sínu og útskýra fyrir honum mikilvægi þessa augnabliks, telja í hann kjark eða hvað það nú var sem hann þurfti á að halda. Við getum þakkað Sigmundi Davíð það að þennan dag var Ísland ekki til í samfélagi þjóðanna... Nei takk, við höfum ekki áhuga á að vera með í mannkynssögunni. Megum ekki vera að því. Takk annars. Okkur finnst þetta allt voða leiðinlegt.

Hliðargötur umræðunnar

„Þess minnst ég að mér og þessum heimi / kom misjafnlega saman fyrr á dögum“ orti Steinn Steinarr í einu af sínum ódauðlegu ljóðum og gerir síðan grein fyrir sáttum þeirra, sín og heimsins, „því ólán mitt er brot af heimsins harmi, / og heimsins ólán býr í þjáning minni“. Þetta á vonandi eftir að renna upp fyrir forsætisráðherra. Ísland er ekki utan heimsins.

En þessi helgi, þegar Sigmundur Davíð nennti ekki til Parísar, mun fylgja honum og móta mat fólks á ráðherratíð hans og dómgreind. Og þá ekki síður

eftirleikurinn: fumandi útskýringarnar um margvíslega samverkandi þætti og fjarlægðir milli Íslands og Parísar.

Ráðherrann reyndi um síðir að smokra sér út úr klípunni með því að gera lítið úr atburðinum; hann talar um „hliðargötur“ – eins og hann sé sjálfur mikill aðalögutumaður – og að „láta taka af sér ljósmyndir“. Hann lét á sér skilja að allt hefði þetta verið hégómi og yfirborðsmennska en hann hafi sjálfur verið hér heima „að lesa erlend blöð“ og almennt niðursokkinn í djúpa þanka um það sem „skiptir máli“ varðandi tjáningarfrelsið. Hann vék þó ekki að því hve vandmeðfarið tjáningarfrelsið sé og dýrmætt, hann nefndi ekki mikilvægi tillitsseminnar, umburðarlyndisins eða hins gagnkvæma skilnings; hann minntist ekki á kærleikann sem fellur aldrei úr gildi og alveg láðist honum að fordæma morðæði... hann sagði ekkert sem sameinar hugi og tendrar ljós í hjörtum. Hann talaði bara um það sama og alltaf: umræðuna.

Og honum tókst að tala þannig – viljandi eða óvart – að flest okkar skildu orð hans í tengslum við getgátur Ásmundar Friðrikssonar alþingismanns um að tiltekni samborgarar okkar kunni að vera dulbúnir hryðjuverkamenn – og rannsaka þurfi bakgrunn allra múslima á Íslandi – getgátur sem gjörvallur þingflokkur Sjálfstæðisflokksins kvað snarlega og undanbragðalaust niður sem haldaust geip. Forsætisráðherrann virtist hins vegar ljá máls á því við þyrftum að „taka umræðuna“ um það

hvort ekki megi gera ráð fyrir því að múslimar á Íslandi séu hryðjuverkamenn takist þeim ekki að sýna fram á annað fyrir fram.

Sigmundur Davíð talaði um ramma í þessu sambandi; og það var svolítið eins og hann fyndi til klastrófóbíu. Hann sagði eitthvað á þá leið að ramminn um það sem megi segja hér sé alltaf að þrengjast – sem óneitanlega eru tíðindi fyrir okkur á tímum Hugleiks og Megasar, Vantrúarfélaga, Erps og annarra kjafforra brautryðjenda afhelgunar, svo að jafnvel biskup landsins er farinn að ljá máls á því að afnema refsingarákvæði í þeim lagabókstaf sem snýr að guðlasti.

Maður skynjaði það einhvern veginn þegar maður horfði á Sigmundur Davíð tala í sjónvarpinu að þetta var maður sem fannst að sér þrengt. Kannski hann ætti að grisja þá þéttu fylkingu aðstoðarmanna sem umkringir hann til að ná betur andanum.

Það skiptir máli hvað maður segir, hvernig maður segir það, hvenær og hvar það er gert. Þegar vegið er að einni grundvallarstöð samfélagsins með þeim hætti sem gert var í París skiptir máli að

ráðamenn loki sig ekki bara af og komi svo út um síðir til að tala við menn á sinni Bylgjulengd og taki sér stöðu yst á kanti og ekki bara í hliðargötu umræðunnar heldur innst í skúmaskoti umræðunnar.

Ekki svaravert

Það er rangt að um alla hluti „þurfi að taka umræðuna“. Ég gæti sagt við ókunnan mann á förnum vegi að mér finnst margt benda til að hann sé þjófur og illmenni, en honum ber engin skylda til að bregðast sérstaklega við slíkum ávirðingum. Hann þyrfti ekkert að „taka umræðuna“ út frá slíkum blammingum; hefði raunar vissan rétt til að endurgjalda þær en gerði best í því að halda áfram sinn veg og láta mig verða að gjalti.

Sumt er ekki svaravert. Með því að „taka umræðuna“ um það hvort múslimar á Íslandi séu hugsanlegir hryðjuverkamenn, vegna trúar sinnar eða uppruna, er um leið verið að veita slíkum svívirðingum vissit lögmæti. Það er enginn að „aflífa“ Ásmund þingmann fyrir kjánalegt frumhlaup sitt og hvað þá að verið

Maður skynjaði það einhvern veginn þegar maður horfði á Sigmundur Davíð tala í sjónvarpinu, að þetta var maður sem fannst að sér þrengt. Kannski hann ætti að grisja þá þéttu fylkingu aðstoðarmanna sem umkringir hann til að ná betur andanum.

sé að hoppa á honum: fólk má hins vegar – og á að – andmæla honum. Það er ekki hluti af tjáningarfrelsinu að eiga rétt á því að allir kinki kolli þegar maður veitist að samborgunum með svo dólgslegum hætti.

En sem sé, svona er þetta: Allt af þegar við þurfum á Sigmundi Davíð að halda herna heima er hann í útlöndum. Og svo, þetta eina sinn sem við þurfum á því að halda að hann sé í útlöndum – þá er hann herna heima.

Hinn fullkomni skortur á framtíðarsýn

Eru kjarasamningar við lækna nægjanlegir til að snúa heilbrigðiskerfinu til betri vegar? Óskandi að svo væri en hætt er við að meira þurfi til því vandkvæðin lúta að svo miklu stærri þáttum íslensks samfélags. Í heilbrigðiskerfinu og öðrum stofnunum samfélagsins skortir fyrst og fremst forystu af hálfu ráðamanna þjóðarinnar sem skapar tiltrú á framtíð þjóðarinnar í landinu. Sú forysta er ærið langsótt þegar framtíðarsýnin er eingöngu fólgin í því að horfa til baka; fara aftur til ársins 2007 og taka upp þráðinn frá þeim tíma eins og ekkert hafi í skorist, ekkert hrún orðið, enginn skaði skeður og enginn lært neitt. Það má því taka undir með forseta læknaeildar HÍ, sem jafnframt er yfirlæknir á Landspítala, þar sem hann segir í Kjarnanum 2. janúar:

„Ef íslenskir pólitíkusar halda áfram að beina sjónum sínum fyrst og fremst til þeirra sem fjármuni og völd eiga í nútíð og fortíð í stað þess að beina augunum að þeim sem munu skapa verðmæti í framtíðinni... Ég lýsi því eftir djarfri framtíðarsýn... Þeir sem ganga aftur á bak inn í framtíðina... munu fyrst en síðar vera staddir í heldur dapurri nútíð.“

Kostnaður við að vera Íslendingur Íslenskir læknar, líkt og margar aðrar starfsstéttir, hafa alltaf verið reiðubúnir að sætta sig við lakari kjör en þeim bjóðast erlendis m.a. vegna trúarinnar á framfarasókn landsins og að verið sé að vinna af heilindum að því að byggja upp og gera hlutina betur í dag en í gær. Á sjúkrahúsum landsins er þessi trú horfin og menn sjá ekki lengur framtíðina í neinu framfaraljósi. Sjúkrahúsin eru í þessu tilliti ein þeirra stofnana samfélagsins þar sem starfsemi er komin að þolmörkum og ríkisstjórnin hefur þráast við að hefja endurreisn eftir

SAMFÉLAG

Bolli Hédinsson
hagfræðingur

→ Ég lýsi því eftir djarfri framtíðarsýn... Þeir sem ganga aftur á bak inn í framtíðina... munu fyrst en síðar vera staddir í heldur dapurri nútíð.

áralanga vanrækslu. Ekki bætir aðför ríkisstjórnarinnar að þjóðarstofnun á borð við RÚV; sá hroki og yfirlæti í samskiptum við þá sem ríkisstjórninni eru ekki þóknanlegir, offors í framgöngu umdeilda mála, eru næring þess sundurlyndis sem elur á vantrú á framtíð lands og þjóðar. Því er rétt að taka undir nýárspréðikun biskupsins sem sagði að:

„Það virðist á stundum sem við sem þetta land byggjum nú um stundir höfum ekki sameiginlegan grundvöll til að standa á. Það er sama hvað sagt er og gert er. Það er allt dregið í efa og stutt er í hugsanir um annarlegan tilgang og hagsmunapot.“

Það skyldi þó ekki einmitt vera að eitthvað í fari og framkomu ríkisstjórnarinnar gagnvart fólkinu í landinu sem þessu veldur?

Ekkert lært og engu gleymt

„Ég á það ég má það“ – aðferðin var vinsæl á fyrri ríkisstjórnarárum Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins fyrir hrún og er að sjá að flokkarnir hafi ekkert lært og engu gleymt frá þeim tíma. Yfirlætið og líttill vilji til samræðu og samráðs við nokkra aðra í samfélaginu og viljinn til að nýta þingmeirihlutann til hins ýtrasta er reglan frekar en undantekningin. Hlutir eru gefnir í skyn og talað í hálfkveðnum vísam, frjálsliga farið með sannleikann og mikið skortir á að samræmi sé milli orða og efnda. Er það ekki einmitt þegar þessi hegðan ræður ríkjum að allt er dregið í efa? Það er rétt hjá biskupnum, þetta er sennilega það alvarlegasta sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir á ferli sínum.

MORGUNVERÐARFUNDUR 22. JANÚAR KL. 8.30-10

Réttarstaða fyrirtækja og inngrip í rekstur



Derek Ridyard



Heimir Örn Herbertsson



Bergþóra Halldórsdóttir



Margrét Kristmannsdóttir

Í lögum er ríkin heimilað að grípa til aðgerða gegn skipulagi fyrirtækja, taka gögn og ákveða viðurlög gegn meintum brotum.

SA, í samstarfi við LEX lögmansstofu, efna til morgunverðarfundar fimmtudaginn 22. janúar til að ræða þessi mál en á fundinum verður staða mála á Íslandi borin saman við nágrannalöndin, m.a. í ljósi smæðar og sérstöðu markaðarins.

Fundurinn fer fram á Icelandair hóteli Reykjavík Natura kl. 8.30-10.00.

Allir velkomnir, boðið verður upp á léttu morgunhressingu frá kl. 8.00.

➔ Skráning á sa.is

Frummælendur:

Derek Ridyard,
hagfræðingur og stofnandi
RBB Economics í Bretlandi

Heimir Örn Herbertsson,
hæstaréttarlögmaður hjá
LEX lögmansstofu

Bergþóra Halldórsdóttir,
lögfræðingur hjá SA

Fundarstjóri: **Margrét Kristmannsdóttir**,
varaformaður Samtaka atvinnulífsins



Ár leiðréttinganna! Gildir það fyrir eldri borgara?

Nýtt ár er gengið í garð. Á því ári mun hin mikla LEIÐRÉTTING ríkisstjórnarinnar verða að veruleika í formi lækkunar höfuðstóls fasteignalána hjá mörgum. Það mun eflaust koma sér vel hjá þeim sem hennar njóta og er það vel.

Ef horft er til baka síðustu misserin má einnig sjá að leiðrétting er gerð á fleiri sviðum. Sem dæmi þá hafa margar stéttir opinberra starfsmanna nú fengið umtalsverða launaleiðréttingu. Þar standa stjórnvöld að verki, ríki og sveitarfélög. Ekki skal hér dregið í efa að þurft hafi að hækka og leiðrétta laun þessara aðila með tilliti til

FJÁRMÁL



Jóna Valgerður Kristjánsdóttir
formaður Landsambands eldri borgara

þess að þeir, eins og margir aðrir, tóku á sig verulegar kjaraskerðingar á árunum 2009-2013. Má kannski líta svo á að þetta verði ár leiðréttinga af hálfu stjórnvalda?

Þá er rétt að rifja upp þær skerðingar sem eldri borgarar sem eru á eftirlaunum tóku á sig í „Hruninu“ og hvað hefur verið gert til að leiðrétta það. Vissulega er búið að gera eitthvað, en er það nóg? Forsætisráðherra sagði í nýársávarpi sínu að allar skerðingar á bótum almannatrygginga sem settar voru á 2009 hefðu verið dregnar til baka. Það er ekki rétt með farið hjá forsætisráðherra,

en hins vegar má geta þess sem búið er að gera: 1. júlí 2009 var sett skerðing á greiðslu grunnlífeyris almennatrygginga vegna lífeyrissjóðstekna. Það var leiðrétt 1. júlí 2013. Grunnlífeyrir er nú óskertur vegna lífeyrissjóðstekna. Atvinnutekjur sem fólk mátti hafa án skerðingar voru lækkaðar úr kr. 110.000 í 40.000 á mánuði. Það hefur verið dregið til baka, en gagnast mjög fáum því fáir ellilífeyrisþegar eru á vinnumarkaði. Þann 1. janúar 2014 var skerðingarlutfall tekjutryggingar lækkað úr 45% í 38,5% og heimilisuppbótur úr 13% í 11%. Þessar fjórar skerðingar hafa því verið afnumdar og færðar til fyrra horfs eða eins og var fyrir kreppuna.

En fyrir árið 2009 voru aðeins 50% fjármagnstekna reiknaðar til skerðingar á lífeyri frá TR en síðustu ár hefur sú upphæð fjármagnstekna sem hefur ekki áhrif til skerðingar verið 98.640 kr. á ári, og er það enn óbreytt. Og stærsta málið er enn óleyst.

Bætur almannatrygginga voru frýstar í ákveðinni krónutölu 1. janúar 2009, og stóðu þannig til 1. júní 2011 eða í tvö og hálf ár. Þá voru nýir kjarasamningar að taka gildi og þar var ákvæði um að bætur almannatrygginga ættu að taka sömu hækkunum og lægstu laun. Þá var frýstingin afnumin, sem hafði staðið á meðan verðbólga óð áfram og fór mest í 17-18%. Það gefur því auga leið að þarna varð mikil kjara-

rýrnun hjá þeim sem voru á lífeyri hjá TR. Jafnframt lækkuðu flestir lífeyrissjóðir sínar greiðslur til lífeyrisþega um allt að 16%.

Fyrir kosningar lofuðu þeir flokkar sem nú mynda ríkisstjórn að afnema allar skerðingar sem eldri borgarar höfðu mátt sæta á kreppuárunum. Því er nú rétt að líta til þess að þetta verði ár hinna miklu leiðréttinga og hafa opinberir aðilar gefið tóninn í því. Þess vegna hljóta eldri borgarar og aðrir lífeyrisþegar að gera ráð fyrir að þeir fái nú langþráða leiðréttingu á kjaragljönum síðustu ára og þar með verulega hækkun á lífeyri, jafnvel með eingreiðslu afturvirk. Eða ríkir ekki jafnræði á meðal þegna á Íslandi?

Að fækka valkostum

Í því logni sem nú ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar er furðu lítið horft til lengri framtíðar og engu líkara en hún skipti litlu máli. Um skeið hefur umræðan að mestu snúist um plástursaðferðir eða leiðréttingar eftir stóra áfallið árið 2008, þegar íslenski gjaldmiðillinn féll gríðarlega með skelfilegum afleiðingum fyrir land og lýð. Fólk er jafnvel talin trú um að ríkjandi svikalogn muni haldast áfram enda hafi verið fundin upp ný og áður óþekkt aðferð til að halda slíku efnahagslegu vedurfari stöðugu til framtíðar. Þar hafi komið til snilli núverandi stjórnvalda sem hafa af hugviti sínu náð fullum tökum á hinum efnahagslegu náttúruöflum og beygt þau undir sinn einbeitta vilja. Þess er því að vænta að fulltrúar annarra þjóða flykkist hingað til að kynna sér ríkjandi heimsmet í leiðréttingum og hvernig krónan okkar tryggir þá efnahagslegu vellíðan sem aðrar þjóðir fara á mis við. Þessir fulltrúar verða væntanlega ekki lengi að átta sig á því að makrillinn og fleiri ferðamenn hafa fyrst og fremst stuðlað að því efnahagslega logni sem ríkt hefur um skeið. Að öðru leyti er áfram treyst á að minnsti gjaldmiðill í veröldinni geti spjarað sig á frjálsum alþjóðamarkaði og orðið grundvöllurinn að auknum hagvexti og bættum lífskjörum. Þá er vissast að aðáun útlenskra á meintu íslenska efnahagsundri minnki eitthvað og þeir fari jafnvel að spyrja óþægilegra spurninga.

EVROPUMÁL



Ragnar Sverrisson
kaupmaður á Akureyri

→ Að öðru leyti er áfram treyst á að minnsti gjaldmiðill í veröldinni geti spjarað sig á frjálsum alþjóðamarkaði og orðið grundvöllurinn að auknum hagvexti og bættum lífskjörum.

gjaldmiðillinn er sterkur og sveiflast ekki upp og niður eins og við þekkjum vel hér á landi. Auk þess byggir evrusamstarfið á samtryggingu ef á móti blæs en í dag erum við algjörlega ein á báti með okkar örgjaldmiðil. Við þekkjum afleiðingarnar af því og löngu tímabært að fara að læra eitthvað af þeim ósköpum en æða ekki áfram sömu leið vegna blindrar trúar á íslensku krónuna sem er hvergi tekin gild í alþjóðaviðskiptum.

Kostir fleiri en gallar

Og nú er það nýjast að stjórnvöld hyggjast slíta endanlega samningum við ESB og taka frá þjóðinni þann valkost um langa framtíð að verða fullgild í þessu samstarfi Evrópuþjóða. Á sama tíma lýsir utanríkisráðherra yfir að EES-samningurinn sé einn af hornsteinum í utanríkisstefnu ríkisstjórnarinnar. Hann hafi að vísu verið á móti honum á sínum tíma en virðist nú hafa breytt um skoðun eftir að hafa kynnt sér málið. Gott væri að hann gerði meira af því í framtíðinni. Hver veit nema þá sjái hann og ríkisstjórnin að fráleitt sé að útiloka í nánustu framtíð að semja um aðild Íslands að ESB og bera samninginn síðan undir þjóðina. Hann og skoðanasystkin hans gætu notað tímann á meðan málið er í salti til að kynna sér fleira en meinta ókosti þess að vera fullgild þjóð í Evrópu-samstarfinu en láta ekki nægja, eins og nú er gert, að taka þegjandi við lögum og reglum sem við höfum ekki komið nálægt að semja. Eftir slíka ígrundun myndi þjóðin átta sig betur á kostum fullrar aðildar að ESB á sama hátt og uppljómun utanríkisráðherra, eftir að hafa kynnt sér kosti EES-samningsins, er fagurt vitni um.

Hinn valkosturinn, að útiloka þennan möguleika fyrir fram, er algjörlega óboðlegur á sama tíma og ríkisstjórnin hefur ekki enn mótað peningastefnu til lengri framtíðar. Í þeirri vinnu verða allir möguleikar að vera tiltækir og engum tortímt að óþörfu.

Villandi málflutningur Íbúðalánasjóðs

Þann 5. janúar síðastliðinn fór fram málflutningur í máli lántaka gegn Íbúðalánasjóði (ÍLS) þar sem reynir á það hvort ÍLS hafi verið heimilt að innheimta kostnað af láni sem stefnendur tóku hjá sjóðnum.

Í máli lögmanns ÍLS kom fram að síðasta breyting á vísitölu neysluloverðs fyrir lántöku hefði einungis verið 0,1% og það væri svo lítil breyting að engu skipti þó að ekki hefði verið upplýst um hvaða áhrif sú verðbólga hefði á skuldbindingu að fjárhæð kr. 9.000.000.- til 40 ára. En er það í raun svo að 0,1% mánaðarleg verðbólga hafi hverfandi áhrif á skuldbindingu til 40 ára? Lítum aðeins á niðurstöður útreikninga úr lánareiknivél eins bankanna og reiknum með að vextir séu 5,1% eins og í umræddu máli.

Miðað við að lántökugjald sé 1% og verðbólguforsendur séu 0% er útborguð fjárhæð kr. 8.907.200.- og árleg hlutfallstala kostnaðar 5,34%. Heildarfjárhæð til greiðslu reiknast vera kr. 21.202.504.- og kostnaðurinn við lántökuna samtals kr. 12.295.304.-

Þegar verðbólguforsendur eru miðaðar við 0,1% mánaðarlega verðbólgu kemur í ljós að árleg verðbólga er rúmlega 1,2% (1,001 í tólfta veldi) og þegar verðbólguforsendum er breytt úr 0% í 1,2% ársverðbólgu verður niðurstaðan sú að heildarfjárhæð til greiðslu verður kr. 27.192.742.- sem þýðir að heildarkostnaðurur við lántökuna verður kr. 18.192.742.- og árleg hlutfallstala kostnaðar 6,60%.

Það kemur því í ljós þegar forsendurnar eru metnar á þennan hátt að kostnaðurur við þessa lántöku er 48% hærri miðað við 1,2% ársverðbólgu en hann væri ef miðað er við 0% verðbólgu. Jafnframt er þessi kostnaðarviðbót að fjárhæð kr. 5.897.438.- „einungis“ 65,5% af upphaflegri lánsfjárhæð.

Umtalsverður munur

Það er vel skiljanlegt að lögmaður Íbúðalánasjóðs hafi ekki stutt framangreinda yfirlýsingu sína um að engu skipti hvort

FJÁRMÁL



Gunnlaugur Kristinnsson
löggiitur endurskoðandi

→ Undirritaður getur ekki túlkað slíkt með öðrum hætti en að verðtryggingin sé eitthvað annað og meira í hendi fjármálastofnana en verðleiðrétting.

upplýsingar væru gefnar miðað við 0% eða 0,1% mánaðarverðbólgu neinum tölum eða gögnum. Hér að framan hefur verið sýnt fram á að umtalsverður munur er á þróun skuldbindingarinnar og heildarkostnaði við hana eftir því við hvora verðbólguforsenduna er miðað, svo ekki sé nú minnst á ef verðbólga væri hærri en í þessu dæmi sem hér að framan er rakið.

Það má vel vera að ÍLS finnst tæplega 50% munur á heildarkostnaði við lán ekki vera neitt til að kippa sér upp við, en það er mín tilfinning að meginþorra almennings finnist þessi munur vera umtalsverður.

„Varðhundur verðtryggingarinnar“ munu sjálfsgagt finna framangreindu allt til foráttu og benda á að stærsti hluti heildarkostnaðar verði greiddur svo langt í framtíðinni að þær krónur sem þá greiðast hafi allt annað verðgildi en nú er. Það kann vel að vera en í því samhengi er rétt að benda á að slíkt á við hvort heldur sem verðbólga er reiknuð inn sem hluti lántökukostnaðar eða ekki.

Hins vegar kemur það undarlega fyrir sjónir nú þegar verðbólga er lág og stýrivextir lækkaðir að fjármálastofnanir fylgja ekki með og auka því sinn vaxtamun svo um munar. Undirritaður getur ekki túlkað slíkt með öðrum hætti en að verðtryggingin sé eitthvað annað og meira í hendi fjármálastofnana en verðleiðrétting. Þannig sé verðtryggingin að hluta í reynd viðbótartekjur fyrir þær sem þær reiði sig á og þar með raunverulegur dulinn viðbótarlántökukostnaður sem nauðsynlegt sé að gera lántaka grein fyrir við lántöku sama hversu verðbólga er lág.

Samtal við börn um eldgos og aðra vá

Frá því að eldgosid í Holuhrauni hófst í lok ágúst hefur óvissan um lengd gossins, flóðahættuna sem af því stafar og áhrif mengunar á heilsu okkar og umhverfi verið algengt umræðuefni í fjölmiðlum, á vinnustöðum og á heimilum flestra landsmanna. Þó svo að yngsta kynslóðin sé sjaldnast þátttakandi í þeirri umræðu er mikilvægt að muna að hún er virkur hlustandi. Þekking barna er þó oft og tíðum nokkuð brotarkennd og það fer

SAMFÉLAG



Edda Björk Þórðardóttir
doktorsnemi í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands



Guðný Björk Eydal
prófessor, Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

eftir aldri þeirra hversu vel þau ná að vinna úr upplýsingum úr umhverfinu. Börn móta viðhorf sín um hamfarir út frá samtölum fullorðinna og því er mikilvægt að huga að því hvernig rætt er um eldgosid í návist þeirra. Ef börn hlusta á fréttir er gott að sitja hjá þeim og spjalla við þau um það sem þau heyra.

Verum góðir hlustendur

Góð byrjun á samtali við börn um eldgosid er að spyrja hvað þau viti

nú þegar um gosid og hvort það sé eitthvað sem þau vilji spyrja um.

Líkt og fullorðnir hafa börn oft áhyggjur án þess að tala um þær. Það er mikilvægt fyrir börn að þau viti að það er í lagi að upplifa tilfinningar eins og áhyggjur og kvíða. Mikilvægt er að sýna tilfinningum þeirra skilning og minna þau á að okkur finnst spurningar þeirra og áhyggjur mikilvægar. Gott er að minna á að við erum ávallt til staðar til að hlusta á það sem börnun okkar liggur á hjarta.

Ótti barna stafar oft af misskilningi eða upplýsingaskorti. Til dæmis er algengt að hamfarir veki hræðslu hjá börnunum um að þau verði viðskila við foreldra sína eða að einhver slasist eða deyi. Það róar börn þegar þau skilja það sem er að ger-

ast og fá upplýsingar um ráðstafanir til að vernda þau, fjölskyldu þeirra og vini.

Mikilvægt er að róa börn, fræða þau og leiðrétta mögulegan misskilning. Foreldrar geta dregið úr kvíða og streitu barna sinna með því að tala um eldgosid í rólegum tón og á yfirvegaðan hátt. Gott er að veita upplýsingar um að það sé fólk í vinnu við að fylgjast stöðugt með gosinu og að brugðist verði við ef stórt gos eða flóð á sér stað. Mikilvægt er að börnin upplifi sig örugg.

Ofangreind ráð eiga einnig við um aðra streituvaldandi atburði í lífi barna okkar, eins og efnahagskreppuna, ebóla-faraldurinn og önnur áföll.

Munum að börn eru bæði klár

→ Líkt og fullorðnir hafa börn oft áhyggjur án þess að tala um þær. Það er mikilvægt fyrir börn að þau viti að það er í lagi að upplifa tilfinningar eins og áhyggjur og kvíða.

og viðkvæm. Mikilvægt er að gefa þeim heildarleg svör á sama tíma og við tökum mið af þroska þeirra. Oft þarf að endurtaka atriði, en það getur veitt börnunum þá hughreystingu sem þau þurfa.

Með því að gefa okkur tíma til að ræða við börnin okkar, vera virkir hlustendur, vera einlæg og virða skoðanir þeirra og tilfinningar, veitum við þeim ómetanlegan stuðning.

MAX ÚTSALA

ALLAR VÖRUR
Á LÁGMAX
VERÐI!

max.is

MAX ÚTSALAN ER Á FULLU!

Stærri en nokkru sinni fyrr
með lægri VSK og fullt af
vörum nú án vörugjalda!

Sjá allt úrvalið
á max.is

MAX

RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

MERKISATBURÐIR

1778 James Cook finnur Havaí-eyjar fyrstur Evrópumanna svo vitað sé og nefnir þær Sandvíkureyjar.



1853 Óperan **Il Trovatore** eftir **Giuseppe Verdi** er sýnd í fyrsta skipti í Róm.

1892 Elizabeth Cady Stanton heldur ræðu á Bandaríkjaþingi og færir rök fyrir kosningarétti kvenna.

1896 Fyrsta röntgenmyndavélin er sýnd.

1930 Hótel Borg tekur til starfa. Eigandi þess er Jóhannes Jósefsson glímukappi.

1969 Stórbruni verður á Korpúlfsstöðum.


112 ÁR ERU LIÐIN FRÁ PVÍ AÐ KEPPNINI VAR KOMIÐ Á FÓT:

Tilkynnt um keppnina Tour de France

Fyrst var tilkynnt um hjólríðakeppnina Tour de France þennan dag fyrir 112 árum. Hugmyndin kviknaði hjá Géo Lefèvre, blaðamanni franska tímaritsins L'Auto, og víðraði hann hugrenningar sínar við ritstjórnann Henri Desgrange í hádegispásu 20. nóvember 1902. Upphaflega átti keppnin að standa í fimm vikur, en hjólríðamönnum hraus hugur við þeirri tilhugsun og aðeins fimmtán skráðu sig til keppni. Ákvað Desgrange þá að stytta keppnistímann niður í 19 daga og fór þá fjöldi þátttakenda upp í 60. Tour de France stendur yfirleitt yfir í 23 daga og er hjólað jafnt á sléttlendi sem og í erfiðu fjalllendi. Mestan part fer keppnin fram á franskri

grundu, en teygir anga sína til annarra landa innan Evrópu á hverju ári, oftast til Ítalíu, Spánu, Svíss, Þýskalands, Belgíu, Lúxemborgar, Bretlands og Hollands. Síðan keppninni var komið á fót hefur hún farið fram árlega að undanskildum stríðsárunum. Sigursælustu keppendurnir eru Jacques Anquetil, Bernard Hinault, Eddy Merckx og Miguel Indurain með fimm sigra. Bandaríkja- maðurinn Lance Armstrong vann keppnina oftast en var sviptur titlum sínum eftir lyfjamisferli.

Keppnin er talinn einn erfiðasti íþróttaviðburður heims og hefur tekið nokkur mannlíf. Alls fjórir hjólríðamenn hafa látist meðan þeir tóku þátt og fjöldi áhorfenda hefur slasast.



SIGURVEGARI Vincenzo Nibali vann Tour de France á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FORMAÐUR Sonja Egilsdóttir tók við formannsembætti Hringingsins í maí í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kvenfélagið Hringurinn fagnar 111 ára afmæli

Á árinu sem leið veitti kvenfélagið Hringurinn styrki og gjafir upp á 140 milljónir króna. Vinna og undirbúningur safnanna stendur allt árið um kring segir formaður félagsins.

Um þessar mundir á kvenfélagið Hringurinn 111 ára afmæli. Markmið félagsins er, og hefur alltaf verið, að vinna að líknar- og mannúðarmálum sérstaklega í þágu barna.

„Í félaginu eru um 350 konur sem eru mjög samstilltar og áhugasamar um starfið,“ segir Sonja Egilsdóttir, formaður félagsins. Sonja tók við starfinu í maí í fyrra en á árinu gaf félagið gjafir og styrki fyrir 140 milljónir króna.

„Á 110 ára afmæli félagsins í fyrra afhentum við Barnaspítala Hringingsins 110 milljónir króna, eina milljón fyrir hvert ár sem félagið hefur verið til,“ segir Sonja. Þrjátíu milljónum var því varið að auki í önnur verkefni á árinu.

Auk áður nefndra milljóna hlaut Barnaspítali Hringingsins hjartalínurits-tæki á hjólastandi, tíu pela- og sprautu- hitara auk ristil- og magaspeglunartækja. Græjurnar voru keyptar fyrir

fjármuni, alls sex milljónir króna, sem söfnuðust í bjóraskorun á meðal nota- enda samskiptavefsins Facebook.

Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans hlaut nauðsynlegan búnað í lækni- skoðunarherbergi, fósturgrein- ingardeild kvennadeildar LSH ómskoð- unartæki, svæfinga- og gjörgæsludeild LSH sérhæft tæki til barkapræðingar í börnum og gjörgæslu- og vöknunardeild LSH fékk fjármagn til að bæta aðstöðu í aðstandendarymum. Að auki hlutu Ísbjörninn Hringur, Sjónarhóll, Rjóðrið, Dropinn og Lyngás styrki.

„Starfið í ár verður mjög hefðbundið hjá okkur. Helstu fjáraflanirnar okkar eru jólabasarinn, jólakortin og jóla- kaffið okkar,“ segir Sonja. Vinna við undirbúning þessara viðburða stendur allan veturinn. Yfir vetrarmánuðina hittist hópur tvisvar í viku til að vinna handavinnu sem verður til sölu á jóla-

basarum. Sá fer yfirleitt fram fyrsta sunnudag í nóvembermánuði.

Í mars hefjast þær handa við að undir- búa jólakortasöluna. Kortin eru sett upp og send í prentun. Í september byrja- ar vinna við að brjóta kortin saman og setja í umslög. Það verk vinna um þrjátíu konur einu sinni í viku fram að jóla- mánuðinum. „Allt okkar starf er unnið í sjálfboðavinnu. Það er engin yfir- bygging hjá okkur heldur fer allt beint í styrki,“ segir Sonja. „Ef við sjáum ein- hvers staðar þörf fyrir styrki leggjum við enn meir á okkur til að hjálpa.“

Í tilefni afmælisins munu Hring- konur hafa afmæliskaffi fyrir meðlimi félagsins um komandi helgi. Öðrum vel- unnurum sem vilja halda upp á daginn er bent á að alltaf er hægt að styrkja félagið en reikningsupplýsingar þess má finna á heimasíðunni hringurinn.is. johannoli@frettabladid.is



Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

JÓNA LÍSBET SIGURÐARDÓTTIR
Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður Réttarbakka 21, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þriðjudaginn 13. janúar. Jarðarförin fer fram frá Fossvogs- kirkju miðvikudaginn 21. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar afþökkuð, þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.



Oddgeir Sigurðsson **Sigríður Björnsdóttir**
Margrét Sigurðardóttir **Þór Ingi Erlingsson**
og systkinabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
dóttir og amma,

BJÖRG SIGURÐARDÓTTIR

lést þann 14. janúar. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 22. janúar klukkan 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks 13E á Landspítalanum við ómetanlega aðstoð og aðhlyningu. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir.



Sigurður Örn Jónsson **Anna Jónsdóttir**
Óli Björgvin Jónsson **Sigríður Sóley Guðnadóttir**
Sigurður Sigurðsson **Póra Þórarinsdóttir**
og barnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, sonur og afi,

ÞORVARÐUR VIGFÚS
ÞORVALDSSON (VARÐI)
húsgagnasmiða- og dúkklagningameistari,
Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja föstudaginn 9. janúar. Útförin fer fram frá Landakirkju laugardaginn 24. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en bendum á söfnun Kvenfélagsins Líknar fyrir sneiðmyndaþæki á HSV: kt. 430269-2919, rknr. 0582-14-402014 / 1167-05-402014.



Guðrún Bjarný Ragnarsdóttir
Bjarný Þorvarðardóttir **Gunnar Heiðar Þorvaldsson**
Gauti Þorvarðarson **Elísabet Þorvaldsdóttir**
Víðir Þorvarðarson
Ásta Þorvarðardóttir
og barnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði,
stórafmæli og útfarir má senda á
netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á
auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 512 5000.



**Þegar
andlát ber
að höndum**

önnust við alla þætti
þjónustunnar með virðingu
og umhyggju að leiðarljósi



Elin Sigrún Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta

Frimann Andrésson
útfararþjónusta

Hugrún Jónsdóttir
útfararstjóri



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Jón G. Bjarnason
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta



Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

SMOKKALJÓS

Þessar glerljósakrónur eru hannaðar af tékkneska hönnuðinum Jan Vacek í líki smokka. Smokkaljósín eru hönnuð fyrir Clarté og eru mótuð í glært og lítað gler. Hægt er að hengja upp eitt ljós sér eða mörg ljós saman.



Carl F

Glæsilegir og vandaðir hurðarhúnar

Sanistál

JARN&GLER Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík S: 58 58 900. www.jarngler.is



KERAMIK Þuríður Ósk ákvað snemma að verða keramikhönnuður. Hún er einn meðlima Kaolin gallerýs og heldur úti vefsíðunni www.thuridurosk.is.

RENNIBEKKURINN AÐALVERKFERIÐ

NYTJALIST Þuríður Ósk Smáradóttir ákvað að verða keramikhönnuður þegar hún var lítil stelpa. Hún lærði fagið í Bandaríkjunum og er nú einn hönnuða Kaolin gallerýs á Skólavörðustíg. Hún sækir innblástur í leirinn sjálfan.

Fáguð og vönduð nytjalist,“ segir Þuríður Ósk Smáradóttir þegar hún er beðin um að lýsa eigin stíl en hún er keramikhönnuður og einn meðlima Kaolin gallerýs á Skólavörðustíg.

Hún segist snemma hafa ákveðið hvað hún ætlaði að verða.

„Ég var, alveg frá því ég var lítil stelpa, ákveðin í að verða keramikker og því lá leiðin eftir stúdentspróf í Kvinnó til Bandaríkjanna, þar sem ég lærði keramik í Gonzaga-háskóla,“ segir Þuríður.

„Þegar ég útskrifaðist flutti ég til Portland í Oregon þar sem ég fékk vinnu hjá keramikfyrirtækinu Georgies Ceramics Co. Það var mikil og góð reynsla þar sem ég lærði margt um framleiðslu á leir og glerungum. Samhliða því var ég einnig með vinnustofu og vann sem keramikker.“

Þuríður flutti aftur heim til Íslands árið 2006 og tók þá fjögurra ára hlé frá keramikinu. Hún hófst þó aftur handa og tók þátt í Ráðhúsmarkaði Handverks og hönnunar 2013 og hefur verið hluti af Kaolin gallerý í ár.

„Síðustu ár hef ég eingöngu unnið nytjalist,“ segir hún. „Uppáhaldsverkferið mitt er rennibekkurinn og ég renni allt sem ég geri. Hver einasti hlutur er handrenndur og því engir tveir eins. Þannig hefur hver hlutur sinn persónuleika. Það að sameina fallega skreytt form sem líka hafa nota-gildi er það sem gleður mig mest í vinnustofunni.“

Hvert sækirðu innblástur?

„Innblásturinn kemur alls staðar að og oft veit ég ekki hvaðan hann kemur fyrir en löngu seinna þegar einhver bendir mér á það. En það sem vekur áhuga minn eru gjarnan gamlir hlutir, náttúran, tónlist, aðrir listamenn, tilfinningar og svo leirinn sjálfur og hans takmarkanir og möguleikar. Ég á mér marga upphaldshönnuði, frábæra listamenn og handverksfólk sem ég dáist að,“ segir Þuríður.

Nánar má forvitnast um hönnun hennar á vefsíðunni www.thuridurosk.is. Munina selur hún meðal annars í Kaolin gallerý og á Kjarvalsstöðum.

heida@365.is

TUDOR RAFGEYMAR

Veldu öruggt start með nýjum TUDOR

EXTRA LÖNG LÍFSPÆNI
NÝJAR TÆKNI
MILJÓ VÆNN
HÁR VÖNDUÐ
FERRINGU
SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

Valhöll

Ótrúlegt verð á millistífri heilsudýnu

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Hægt að snúa.

20% afsláttur af lókum og hlífðardýnum við dýnukaup.

12 mána. vaxtalausar greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Stærð	Verð
100x200	74.900 kr.
120x200	79.900 kr.
140x200	89.900 kr.
160x200	104.900 kr.
180x200	114.900 kr.

Verðdæmi: Með PU leðurbotni og eikarfötum stgr.

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa ★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Baldursnesi 6 - Akureyri | Listhúsið - Reykjavík

EDA hvað. Jú reyndar var ég kannski frekar pirruð. Það er ýmislegt sem pirrar mig þessa dagana. Til dæmis launamunur kynjanna, feðraveldið, heimskt fólk, íslensk stjórnmöld, Sigmundur Davíð, matarskattur, Sigmundur Davíð, háлка, fáfróðir rasistar, sjomlamenning, ofbeldi gegn konum, ofbeldi gegn körlum,

ofbeldi gegn börnum, ofbeldi gegn dýrum, Sigmundur Davíð, fólk sem kemst á þing þrátt fyrir litla sem enga heilastarfsemi, endalausar uppsprettur leiðinda á internetinu, úldna grænmetið í verslunum, Framsóknarflokkurinn, símtöl sem byrja á spurningunni „ertu eitthvað pirruð eða?“, að fólk þurfi að líða fátækt á Íslandi, að fólk þurfi að líða fátækt annars staðar, innflutningstollar, hræðsla við samkynhneigða og fréttir af fólki sem missir fullt af kílóum.

PAD sem er sérstaklega pirrandi er líka það að í hvert skipti sem eitthvert þessara atriða virðist vera að þokast í rétta átt heyrast háværar raddir almennings á kommentakerfum og öll von manns sturtast ofan í klósettið.

PEGAR ég byrjaði að skrifa bakpanka hafði ég það að leiðarljósi að skrifa um eitthvað skemmtilegt. Slökkt hefur verið á leiðarljósinu. Ég sigli nú blindandi í myrkri endalausra íslenskra leiðinda sem hafa náð tökum á mér og eru að éta mig lifandi.

SVO að já, ég er gjörsamlega búin á því af þeirringi. Enginn broskall.



JENNIFER LAWRENCE Vill halda áfram að leika í Hungurleikumum.

Pottþétt fleiri Hungurleika

Jennifer Lawrence segist endilega vilja leika í fleiri myndum um Hungurleikana. Þessa dagana er hún að leika í fjórðu myndinni, The Hunger Games: Mockingjay – Part II. Henni finnst erfitt að geta ekki eytt meiri tíma með mótleikurum sínum Liam Hemsworth og Josh Hutcherson.

„Ég á líklega eftir að klára eina töku fyrir Hungurleikana. Við eigum bara eitt atriði eftir og ég er alls ekki ánægð með það. Ég myndi pottþétt leika í fleiri myndum. Liam er að leika í mynd í Ástralíu í tvo mánuði. Það er lengsta tímabilið sem við þrjú höfum verið aðskilin.“

Leika ekki í næstu X-men

Patrick Stewart og Ian McKellen munu líklega ekki leika í hinni væntanlegu X-Men: Apocalypse sem kemur út á næsta ári. Hún fjallar um persónur þeirra, Dr. X og Magneto, þegar þær voru yngri. „Ég komst að fleiru um myndina og þar verður einblínt á fyrri líf allra okkar persóna. Þess vegna held ég að við munum ekki koma við sögu,“ sagði Patrick Stewart.

James McAvoy og Michael Fassbender léku yngri útgáfur Dr. X og Magneto í X-Men: Days of Future Past og endurtaka væntanlega leikinn í nýju myndinni.



PATRICK STEWART



MONO TOWN Bjarki Sigurðsson og bræðurnir Daði og Börkur Birgissynir skípa hljómsveitina Mono Town. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nostalgía frá 90s

TÓNLIST ★★★★★

In the Eye of the Storm Mono Town RECORD RECORDS

In the Eye of the Storm er fyrsta breiðskífa hljómsveitarinnar Mono Town sem hefur á undanförunum árum spilað nokkuð víða og fengið fína áhlustun í útvarpi. Sveitin er skipuð þremur mönnum á fertugsaldri sem fá þó til liðs við sig talsvert af aðstoðarfólki við gerð skífunnar. Þar á meðal er hinn margverðlaunaði kammerkór Hallgrímskirkju, hvorki meira né minna.

Mikill metnaður einkennir verkið og greinilegt er að mikil vinna hefur verið lögð í þennan frumburð. Flutningurinn sjálfur er virkilega fagmannlegur og upptökustjórn til fyrirmyndar – svo mikið til fyrirmyndar að In the Eye of the Storm dansar á línunni að vera „óverpróðuseruð“.

Tónlistin sem hljómsveitin flytur og aðhyllist greinilega er bresk indíroktónlist sem var vinsælust á 10. áratug síðustu aldar, sennilega um það leyti sem hljómsveitarmedlimir voru að vaxa úr grasi. Þetta eru alls ekki frumlegustu tónsmíðar í sögu mannkyns og gæti allt eins verið plata með sveit á borð við Manic Street Preachers, Stereophonics eða ef til vill hinni vanmetnu Starsailor. Rödd Bjarka Sigurðssonar, söngvara og helstu driffjaðrar sveit-


arinnar, sver sig í ætt breskra rokksöngvara þess tíma – einhver konar Liam Gallagher Íslands... og er það alls ekki illa meint.

Bestu lög plötunnar eru Peacemaker, Two Bullets og Yesterday's Feeling. Þau eru öll einstaklega melódísk (eins og platan reyndar öll) og sérstaklega skemmtilegt að heyra ELO-strengjútsetningarnar í síðastnefnda laginu, sem er reyndar það lag þar sem Bjarki nær sér helst á strík með brothættri falsetturödd í viðlaginu – en það viðlag er bara drullugott. Værum við stödd á einhverjum skítapöbb í Sheffield árið 1994 þá væri Alan McGhee búinn að „sign-a“ þessa gaura á stundinni!

Fyrir þá sem vilja fá nett nostalgíukast, eða einfaldlega fíla breska indítonlist frá síðustu öld, þá er In the Eye of the Storm frábær skífa. Textasmíðarnar mættu þó innihalda aðeins minna af „la-la-la“ (án djóks, fimm lög sem innihalda þann frasa) en annars eru flottir taktar og flottir kaflar. Sörfgítarvæðið í No More (Shall I Fear You) er til dæmis geggjað, gæti átt heima í kvikmynd eftir Tarantino. Því miður dettur skífan aðeins niður undir lokin, þar sem er að finna sístu lögin Far Away og Can Deny. Það verður þó að teljast líklegt að þau lög hafi verið betri – þau mættu vera aðeins hrárrí er.

Björn Teitsson

NIÐURSTAÐA: Þessi plata hefði náð á topp enska vinsældarlistans árið 1995. Bókað mál. Nokkrir slagarar og fínasti gripur sem dettur ögn niður undir lokin.



BÍÓ ★ PARADÍS

HAPPY HOUR A BARNUM 17-20

Turist ENG SUB 17.45 Winter sleep 20.00
Whiplash 18.00 Mommy 20.00
Rudderless 18.00 Paris norðursins ENG SUB 22.30
Girlhood 20.00, 22.00



Barnaheill Save the Children á Íslandi

VISSIR ÞÚ AÐ...
Þessi er einn af mögulegum ástæðum af ástæðum, ástæðum og ástæðum þessu barni þínu.



Showmenn

— íslenskir erum við —

Ragnar Bjarnason og Ómar Ragnarsson
ásamt Þorgeiri Ástvaldssyni

Ekki missa af ógleymanlegri kvöldstund með helstu skemmtikröftum þjóðarinnar

Stórskemmtilegir sögutónleikar í Salnum með félögum Ragga Bjarna, Ómari Ragnarssyni og Þorgeiri Ástvaldssyni. Þeir syngja öll sín vinsælustu lög og segja sögurnar á bak við þau — og þær eru þó nokkrar!

Miðasala á midi.is, salurinn.is, í miðasölu Salarins og í síma 441 7500.

Föstudagur, 20. febrúar kl. 20

Laugardagur, 21. febrúar kl. 20

Sunnudagur, 22. febrúar kl. 16

DÆGURFLUGAN

Lærisveinar Dags á toppnum

HANDBOLTI Dagur Sigurðsson fer heldur betur vel af stað með Þýskalandi á HM í Katar. Liðið er með fullt hús stiga eftir tvo sigra gegn sterkum andstæðingum.

Fyrst lagði Þýskaland lið Póllands og í gær hafði Þýskaland betur gegn Rússum í öðrum hörkuleik. Lið Dags virðist því heldur betur vera til alls líklegt.

Lið Guðmundar Guðmundssonar, Danmörk, hrsti af sér vonbrigðin gegn Argentínu og valtaði yfir Sádi-Arabíu. Danmörk og Þýskaland mætast síðan á þriðjudag og sá leikur gæti orðið hreinn úrslitaleikur um efsta sæti riðilsins. Ná Þýskaland jafntefli í þeim leik er efsta sætið líklega þeirra.

Patrekur Jóhannesson og strákarnir hans í Austurríki unnu svo flottan sigur á Íslandsbönunum frá Bosníu á laugardag.



-hbg

Arnór hefur ekki áhyggjur af lærinu

HANDBOLTI Arnór Þór Gunnarsson fékk þungt högg framan á hægri lærið í leiknum gegn Alsír í gær og var hann nokkra stund að hrista það af sér.

Hann hefur þó ekki áhyggjur af því að það muni há honum í keppinni.

„Ég er svolítið stífur en ég held að Elli klári þetta alveg enda góður sjúkráþjálfari,“ segir hann og á þar við sjúkráþjálfarann Elís Þór Rafnsson. „Ég held að þetta verði allt í lagi.“

Arnór Þór byrjaði sem vítaskytta

Íslands í leiknum gegn Alsír í gær og skoraði úr fyrsta vítinu sem strákarnir fengu í gær. Arnór dundraði svo boltanum í slána í annarri tilraun og var það í takt við margt annað sem gerðist í leiknum í gær. Hann sagði þó að pirringurinn hafi ekki farið með menn.

„Maður hefur lent í svona stöðu áður og þá skiptir öllu máli að halda áfram. Við spilum svo dúndurhandbolta í seinni hálfleik og margir frábærir. Alexander og Guðjón voru frábærir í hraðauppplausnum og Aron Pálmarsson er bara eins



ARNÓR ÞÓR GUNNARSSON

FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK

og hann er,“ sagði hann og hrsti hausinn brosandí.

„Það sem mestu máli skiptir er að við erum nú komnir með tvo punkta og getum haldið áfram út frá því.“ -esá

HM Í HANDBOLTA Katar 2015

ÚRSLIT

C - RIÐILL

Egyptaland - Frakkland	24 - 28	(12-11)
Tékkland - Svíþjóð	22 - 36	(10-19)
Ísland - Alsír	32 - 24	(12-13)

Ísland - Mörk (skot): Guðjón Valur Sigurðsson 8/3 (11/3), Aron Pálmarsson 7 (11), Alexander Petersson 6 (10), Róbert Gunnarsson 4 (5), Vignir Svavarsson 2 (2), Snorri Steinn Guðjónsson 2 (4), Arnór Þór Gunnarsson 2/1 (4/2), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (2), Arnór Atlason (1).

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 12 (33, 36%), Aron Rafn Eðvarðsson 6/1 (9/1, 67%).

Hraðauppplaus: 5 (Guðjón 3, Alexander, Vignir).

Fiskuð víti: 5 (Guðjón, Aron 2, Alexander, Róbert).

Utan vallar: 12 mínútur.

Alsír - Mörk (skot): Messaoud Berkous 5 (11/1), Riadh Chahbour 4 (8), Rabah Soudani 3 (3), Hichem Kaabeche 3 (3), Belgacem Filah 2 (2), Hichem Daoud 2 (3), Khaled Chentout 2 (3), Mohamed Mokrani 2 (3), Abderrahim Berriah 1 (8), El Hadi Biloum (1).

Varin skot: Abdelmalek Slahdji 11 (35/3, 31%), Adel Bousmal (8/1, 0%).

Hraðauppplaus: 5 (Riadh Chahbour 3, Hichem Daoud 1, Abderrahim Berriah 1,).

Fiskuð víti: 1 (Hichem Daoud 1,).

Utan vallar: 6 mínútur.

STAÐAN

Svíþjóð	2	2	0	0	60-38	4
Frakkland	2	2	0	0	58-51	4
Egyptaland	2	1	0	1	58-48	2
Ísland	2	1	0	1	48-48	2
Tékkland	2	0	0	2	49-66	0
Alsír	2	0	0	2	44-66	0

D - RIÐILL

Argentína - Pólland	23 - 24	(12-11)
Þýskaland - Rússland	27 - 26	(9-13)
Danmörk - Sádi Arabía	38 - 18	(6-20)

LEIKIR DAGSINS

A: Spánn - Síle	kl. 14.00	SPORT
A: Hvíta Rúss. - Brasíla	kl. 14.00	RÚN
A: Slóvenía - Katar	kl. 16.00	SPORT
B: Króatía - Íran	kl. 16.00	
B: Bosnía - Makedónía	kl. 16.00	RÚN
B: Austurríki - Túnis	kl. 18.00	SPORT

visir.is

Meira um leiki gærkvöldsins

Káta kylfinginn í landsliðið

Ísland er komið af stað á HM í handbolta þrátt fyrir pínlega byrjun gegn Alsír í gær. Strákarnir hlutu sín fyrstu stig á mótinu en fyrirliðinn segir deginum ljósara hvað þurfi að gera til að ná árangri í Katar.

Eiríkur Stefán Ásgeirsson í Katar
eiririkur@frettabladid.is



HANDBOLTI Það kann að hljóma furðulega en landsliðsfyrirliðinn Guðjón Valur Sigurðsson sagði eftir fyrsta sigur Íslands á HM í Katar að margt mætti læra af kylfingnum Happy Gilmore úr samnefndri kvikmynd frá tíunda áratug síðustu aldar.

Ísland vann í gær átta marka sigur á Alsír, 32-24, eftir að hafa lent 6-0 undir eftir sjö mínútna leik. Strákarnir héldu uppteknum hætti frá síðasta leik og fóru ítrekað illa með hvert dauðafærið á fætur öðru.

Það var svo loks í síðari hálfleik að strákarnir fóru að spila af eðlilegri getu í sóknarleiknum og tóku loksins völdin eftir erfiðan fyrri hálfleik.

„Ég veit að það hljómar asnalega en til þess að spila vel þarftu að eiga þinn „happy place“, alveg eins og Happy Gilmore,“ sagði Guðjón Valur en fyrir ókunnuga þá átti kylfingurinn kröftugi í stöðugum vandræðum með þúttin sín þar til að hann róaði taugarnar og kom sér á góðan stað í huganum – fann sitt „happy place“.

„Það er alveg eins hjá okkur. Þetta er ekkert annað en andlegt vandamál. Það er ekki eins og við höfum gleymt því að skjóta á markið en við þurftum bara að komast á góðan stað í huganum til að spila vel. Það vilja allir standa sig vel í vinnunni sinni og okkur líður illa þegar við stöndum okkur illa í okkar vinnu.“



HAMINGJUSAMUR Fyrirliðinn Guðjón Valur fann hamingjustaðinn sinn í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK

Tonni léttari

„Mér finnst eins og að ég sé tonni léttari en ég var,“ sagði hann og bendir réttilega á að þrátt fyrir allt hafi liðið ekki verið að spila illa framan af leik. „Þeir hefðu aldrei skorað sex mörk ef þeir hefðu ekki keyrt í bakið á okkur eftir hvert klúðrið á fætur öðru hjá okkur.“

Hann segir að það hafi verið erfitt að halda rónni en nauðsynlegt að komast inn í leikinn og vinna sigur. „Það var helvíti erfitt en maður sá hvernig lundin varð leittari með hverjum unnum bolta og hverju hraðauppplausmarki. Um leið varð þetta allt miklu auðveldara.“

Við erum einn maður

Þrátt fyrir að strákarnir hafi heilt yfir ekki náð að sýna sitt rétta andlit nema á stuttum köflum hér og það er ljóst að liðið á enn alla möguleika á að fara langt hér í Katar. Til þess þarf íslenska liðið að stöðbæta sinn leik – svo mikið er ljóst – en Guðjón Valur er þess fullviss að það takist.

„Við þurfum hver á stuðningi annars að halda. Við erum einn maður – einn hugur – og spilum sem slíkur í dag. Við ætlum okkur að halda áfram að gera það,“ segir hann og bendir á að Ísland hafi áður gert góða hluti á stórmótum þrátt fyrir erfiða byrjun.

„Við unnum silfur í Peking


2008 og brons í Austurríki 2010 en í báðum mótum voru riðlarnir ekkert frábærir. Svo eru mót eins og HM 2011 og ÓL 2012 þar sem við unnum allt í riðlinum en stóðum svo eftir með ekki neitt,“ segir hann.

„Við þurfum stíðanda. Eftir riðlakeppnina tekur við bikarkeppni [í 16 liða úrslitunum] og við þurfum að komast þangað. Hvernig við gerum það – mér gæti ekki verið meira sama. Ég vil bara að við verðum betri og betri og mér fannst leikurinn í kvöld vera skref í rétta átt,“ segir hann ákveðinn.

„Ef við mínusum frá fyrstu mínúturnar, það er að segja,“ bætir hann brosandí við.

Í HVAÐA STÖÐUM HAFÐI ÍSLAND BETUR?

ÍSLAND ALSÍR 32 - 24 (12 - 13)



● **0-6 BYRJUN** Íslenska liðinu tókst ekki að skora úr fyrstu fimm sóknunum sínum í leiknum og á meðan komust Alsírúar sex mörkum yfir. Fyrsta mark Íslands kom eftir sjö mínútur.

● **ALLT Í GEGNUM ARON** Aron Pálmarsson kom að 14 af 19 mörkum íslenska liðsins á 28 mínútna kafla þegar liðið breytti stöðunni úr 8-12 í 27-22, skoraði 5 mörk sjálfur, gaf 7 stoðsendingar og fiskaði tvö víti sem gáfu mörk.

● **67 PRÓSENT** Aron Rafn Eðvarðsson spilaði síðustu tólf mínúturnar og varði 6 af 9 skotum sem komu á hann. Þar af eitt varði hann eitt víti.

● **EINS OG SMURÐ VÉL Í LOKIN** Íslenska liðið nýtti 15 af 17 síðustu sóknunum sínum í leiknum.

● **VÍTIN LOKSINS NÝTT** Íslenska liðið klíkkaði á 4 af fyrstu 5 vítum sínum á mótinu en Guðjón Valur nýtti þau þrjú síðustu í leiknum.

HRAÐAUPPHLAUP ÍS 10 ALSÍR 6 • 1. BYLGJA 5 - 4 • 2. BYLGJA 5 - 2

ÚTSALA

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Bjarni Guðjónsson

Þjálfari meistaraflokks

KR í fótbolta

VIRKAR
fyrir mig

BG



Lífraæn næring og orka

Reynsla mín er að Lifestream vörurnar eru fremstar í gæðum. Ég mæli með þeim fyrir mitt lið. Ég finn meira úthald, einbeitingu og hraðari endurheimt.

Umboðsaðili: Celsus ehf
Fæst í apótekum, heilsubúðum, Krónunni, Hagkaup og Nettó.

 **lifestream**
náttúruleg uppspretta bætiefna

ÚRSLIT

ENSKA ÚRVALSDEILDIN

MAN. CITY - ARSENAL	0-2
0-1 Santi Cazorla, víti (24.), 0-2 Olivier Giroud (67.).	
WEST HAM - HULL CITY	3-0
1-0 Andy Carroll (49.), 2-0 Morgan Amalfitano (69.), 3-0 Stewart Downing (72.).	
QPR - MAN. UTD	0-2
0-1 Marouane Fellaini (58.), 0-2 James Wilson (90.+4).	
SWANSEA - CHELSEA	0-5
0-1 Oscar (1.), 0-2 Diego Costa (20.), 0-3 Diego Costa (34.), 0-4 Oscar (36.), 0-5 Andre Schürrle (79.).	
TOTTENHAM - SUNDERLAND	2-1
1-0 Jan Vertonghen (3.), 1-1 Sebastian Larsson (31.), 2-1 Christian Eriksen (88.).	
LEICESTER - STOKE CITY	0-1
0-1 Bojan Krkić (63.).	
ASTON VILLA - LIVERPOOL	0-2
0-1 Fabio Borini (24.), 0-2 Rickie Lambert (79.).	
BURNLEY - CRYSTAL PALACE	2-3
1-0 Ben Mee (12.) 2-0 Danny Ings (16.), 2-1 Dwight Gayle (28.), 2-2 Jason Puncheon (48.), 2-3 Dwight Gayle (87.).	
NEWCASTLE - SOUTHAMPTON	1-2
0-1 Eljero Elia (14.), 1-1 Yoan Gouffran (29.), 1-2 Eljero Elia (62.).	

STADAN:

Chelsea	22	16	4	2	51-19	52
Man City	22	14	5	3	45-22	47
Southampton	22	13	3	6	37-16	42
Man. Utd	22	11	7	4	36-21	40
Arsenal	22	11	6	5	39-25	39
Tottenham	22	11	4	6	32-30	37
West Ham	22	10	6	6	35-25	36
Liverpool	22	10	5	7	31-27	35
Swansea	22	8	6	8	26-30	30
Stoke City	22	8	5	9	23-27	29
Newcastle	22	7	6	9	26-35	27
Crystal Palace	22	5	8	9	25-33	23
Everton	21	5	7	9	30-34	22
Aston Villa	22	5	7	10	11-25	22
WBA	21	5	6	10	20-29	21
Sunderland	22	3	11	8	19-33	20
Burnley	22	4	8	10	21-36	20
Hull City	22	4	7	11	20-30	19
QPR	22	5	4	13	23-39	19
Leicester	22	4	5	13	20-34	17

NÆSTU LEIKIR

Mán. 19. jan.	Everton - WBA
Lau. 31. jan.	Hull - Newcastle
Lau. 31. jan.	Crystal Palace - Everton
Lau. 31. jan.	Liverpool - West Ham
Lau. 31. jan.	Man. Utd - Leicester
Lau. 31. jan.	Stoke - QPR
Lau. 31. jan.	Sunderland - Burnley
Lau. 31. jan.	WBA - Tottenham

MARKAHESTU MENN

Diego Costa, Chelsea	17 mörk
Sergio Aguero, Man. City	14
Charlie Austin, QPR	13
Alexis Sanchez, Arsenal	12
Saido Berahino, WBA	9
Papiss Demba Cisse, Newcastle	9

visir.is

Meira um leiki helgarinnar.

Kristinn bætti meira en 53 ára gamalt met

Varð þrítugasti leikmaðurinn til að skora í sínum fyrsta A-landsleik en enginn hefur verið fljótari að því.

FÓTBOLTI Kristinn Steindórsson skoraði ekki bara í sínum fyrsta landsleik á móti Kanada heldur tókst honum, með því að skora strax á sjöttu mínútu leiksins, að verða fljótastur til að skora fyrir íslenska landsliðið í tæplega sjötíu ára sögu þess.

Gunnar Felixson, bróðir Bjarna Fel, hafði átt metið í meira en 53 ár eða síðan Gunnar skoraði tvö mörk á móti áhugamannslandsliði Hollands á Laugardalsvelli 19. júní 1961. Gunnar skoraði mörkin sín á 10. og 40. mínútu en þau komu bæði eftir sendingar frá Þórólfi Beck sem spilaði líka með honum hjá KR.

Það var hins vegar Kópavogssamvinna í marki Kristins, en hann sem gamall Bliki skoraði þá með skalla eftir frábæran undirbúning Ríkis Gíslasonar, sem var uppallinn hjá HK.

Einum leikmanni hafði tekist að jafna met Gunnars á þessum rúmu 53 árum. Ólafur Danivalsson skoraði sitt fyrsta landsliðsmark tíu mínútum eftir að hafa komið inn á sem varamaður á móti Færeyjum á malarvelli í Þórshöfn 16. júní 1976.

29 aðrir landsliðsmenn hafa náð því að skora í sínum fyrsta landsleik en aðeins fjórir þeirra hafa náð því að skora líka í sínum öðrum landsleik. Kristinn fær tækifæri til

SEX MÍNÚTUR
Kristinn Steindórsson byrjaði vel. MYNDRKSI



að bætast í þann hóp í kvöld þegar Ísland og Kanada mætast öðru sinni á Flórída. - 66j

FLJÓTASTUR TIL AÐ SKORA Í SÍNUM FYRSTA LANDSLEIK:

6 MÍNÚTUR	KRISTINN STEINDÓRSSON á móti Kanada 16. janúar 2015
10 MÍNÚTUR	GUNNAR FELIXSON á móti Hollandi 19. júní 1961
10 MÍNÚTUR	ÓLAFUR DANIVALSSON á móti Færeyjum 16. júní 1976
16 MÍNÚTUR	SVEINN TEITSSON á móti Austurríki 29. júní 1953
16 MÍNÚTUR	JÓN R.JÓHANSSON á móti Wales 15. ágúst 1966
16 MÍNÚTUR	GUÐMUNDUR BENEDIKTSS. á móti Sam. arabísku furstad. 30. ágúst 1994
18 MÍNÚTUR	GRÉTAR RAFN STEINSSON á móti Brasilíu 8. mars 2002
20 MÍNÚTUR	TÓMAS PÁLSSON á móti Englandi 4. ágúst 1971

Arsenal ákvað að bíta frá sér

Eftir lélega uppskeru gegn bestu liðum deildarinnar náði Arsenal að skella Manchester City í gær. Chelsea er því komið með fimm stiga forskot á toppi deildarinnar. Manchester United heldur áfram að safna stigum.

FÓTBOLTI Arsenal hefur ekki sótt gull í greipar hinna svokölluðu stóru liða í ensku úrvalsdeildinni á undanförunum árum.

Það varð þó breyting á í gær þegar lærisveinar Arsene Wenger unnu góðan sigur á Englandsmeisturum Manchester City á Etihadvelli með tveimur mörkum gegn engu.

Þetta var fyrsti sigur Arsenal á þessum velli síðan í október 2010 en liðinu hefur gengið bölvana gegn Manchester-liðunum tveimur á útivelli á síðustu árum.

Arsenal fékk til að mynda á sig sex mörk á Etihad á síðasta tímabili en liðið spilaði allt annan og betri varnarleik í gær.

Í sóknarleiknum var Santi Cazorla, sem hefur spilað mjög vel á undanförunum vikum, í aðalhlutverki, en hann skoraði fyrri markið úr vítaspyrnu eftir að Vincent Kompany felldi Nacho Monreal innan vítateigs og lagði það síðara upp fyrir franska framherjann Oliver Giroud. Wenger var að vonum sáttur með frammistöðu Spánverjans snjalla.

Cazorla verið frábær

„Hann hefur verið frábær að undanförunum og hann var jafnvel enn atkvæðameiri í dag. Allt liðið stóð sig mjög vel, við vorum mjög agaðir og það hjálpaði Cazorla að blómstra,“ sagði Wenger sem hrósaði Arsenal-liðinu sem heild fyrir góðan leik: „Nokkrir leikmenn spiluðu frábærlega, eins og Cazorla, en við sýndum mikla samstöðu og mikinn vilja.“

Arsenal er nú með 39 stig í fimmta sæti úrvalsdeildarinnar, einu stigi á eftir Manchester United sem situr í því fjórða.

Nágrannar þeirra í Manchesterborg eru hins vegar fimm stigum á eftir Chelsea sem valtaði yfir Swansea á laugardaginn.

Fyrir leikinn hafði City ekki tapað í tólf leikjum en liðið saknaði Yaya Touré sem er að spila með Fílabeinsströndinni í Afríku-keppninni í Miðbaugs-Gíneu.

Slapp hjá Manchester United


Manchester United heldur áfram að næla sér í stig þó svo að liðið sé alls ekki að spila sannfærandi fótbolta. Um helgina vann liðið sigur á QPR með mörkum frá varamönnum Fellaini og James Wilson sem náði loksins að skora.

Stuðningsmenn Manchester United voru sem fyrr ekki hrifnir af leikkerfi Van Gaal í fyrri hálfleik og öskruðu eftir 4-4-2. Van Gaal fór í það í síðari hálfleik og leikur liðsins batnaði.

„Við ákveðum í hverri viku hvernig við viljum spila. Það verður að vera rétt jafnvægi í leik liðsins,“ sagði Van Gaal, stjóri Manchester United, alltaf til í að verja sitt leikskipulag.

Radamel Falcao komst ekki á blað en fékk samt hrós frá stjórnunum.

„Mér fannst hann standa sig vel. Það skiptir ekki máli hvað mér finnst því hann vill skora mörk. Fyrir mér skiptir samt heildarpakkinn máli og ég var ánægður með hans framlag.“ - ips, hbg



HETJA Giroud fagnar marki sínu í gær sem innsiglaði sætan sigur Arsenal.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ICELANDAIR og GB FERDIR kynna:

GOLFFERÐIR

frá kr. **99.000-**
pr. mann í tvíbýli

Bókaðu golfferðina þína á www.gbferdir.is eða í síma 534 5000

www.gbferdir.is

ÚTSALA

ALLT AÐ
50%

ENGIN VÖRUGJÖLD

**OFNAR, HELLUBORÐ,
KÆLISKÁPAR, ÞVOTTAVÉLAR,
HRAÐSUÐUKATLAR,
ÖRBYLGJUOFNAR,
UPPÞVOTTAVÉLAR,
HEILSUGRILL, KAFFIVÉLAR,
BÚSÁHÖLD OG FLEIRA!**



Sjá allt úrvalið
á www.ef.is



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is

Mánudaga-föstudaga 9-18 og laugardaga 11-15

Stöð 2 kl. 18.54 Ísland í dag

Umsjónarmenn fara yfir helstu tíðindi dagsins úr pólitíkinni, menningunni og mannlífinu. Ítarlegur íþróttapakki og veðurfréttir.



Í KVÖLD



Modern Family

GULLSTÖÐIN KL. 19.40 Þriðja þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega myndum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.



Vampire Diaries

STÖÐ 3 KL. 21.45 Fimmta þáttaröðin um unglingsstúlkuna sem fellur fyrir strák sem er í raun vampír og hefur lífað í meira en 160 ár. Hann reynir að lífa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki allveg eins friðsæll.





Simpson-fjölskyldan

STÖÐ 2 KL. 17.57 Lífið hjá Hómer og Marge Simpson gengur sinn vanagang en ekki líður sá dagur að þau eða börnin, Bart, Lísa og Maggie, rati ekki í vandræði! Fjölskyldan býr í bænum Springfield þar sem ekki er þverfótað fyrir furðufuglum.


Bylgjan kl. 16.00 Reykjavík síðdegis

Porgeir, Kristófer og Bragi með þjóðfélagsmæðu sem skiptir máli.




RosenbergCph teppi
17.900.-




RosenbergCph teppi
17.900.-



RosenbergCph teppi
17.900.-

Mikið úrval af fallegum hönnunarvörum. Fáðu sent heim að dyrum.



www.snuran.is
vefverslun S: 537-5101

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 The Wonder Years
- 08.30 2 Broke Girls
- 08.50 Bad Teacher
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 The Doctors
- 10.20 Fókus
- 10.40 Höfðingjar heim að sækja
- 11.00 Suits
- 11.45 Falcon Crest
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 American Idol
- 15.10 ET Weekend
- 16.25 Loonatics Unleashed
- 16.45 How I Met Your Mother
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Mindy Project
- 19.40 Mike and Molly
- 20.05 Friends With Better Lives
- 20.30 Dulda Ísland
- 21.25 Peaky Blinders
- 22.20 Looking
- 22.55 Rush
- 23.40 Modern Family
- 00.00 The Strain
- 00.50 Weeds
- 01.15 Hush
- 03.00 The Winning Season
- 04.45 Dulda Ísland
- 05.30 Mike and Molly
- 05.50 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 07.10 HM-þáttur
- 07.40 Getafe - Real Madrid
- 09.20 Seattle Seahawks - Green Bay Packers
- 12.00 Þýskaland - Rússland
- 13.20 HM-þáttur
- 13.50 Spánn - Síle BEINT
- 15.20 HM-þáttur
- 15.50 Slóvenía - Katar BEINT
- 17.20 HM-þáttur
- 17.50 Austurríki - Túnis BEINT
- 19.20 Spænsku mörkin
- 19.50 Ísland - Alsír
- 21.10 Egyptaland - Frakkland
- 22.30 UFC 182
- 00.30 Spánn - Síle

SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 West Ham - Hull
- 08.40 Man. City - Arsenal
- 11.30 Aston Villa - Liverpool
- 13.10 Burnley - Crystal Palace
- 14.50 Swansea - Chelsea
- 16.30 West Ham - Hull
- 18.10 Man. City - Arsenal
- 19.50 Everton - WBA BEINT
- 22.00 Messan
- 23.15 Football League Show
- 23.45 Everton - WBA

INN

- 20.00 Frumkvöðlar 20.30 Panorama 21.00 Fyrirtækjaheimsókir 21.30 Stormað

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2 FM 90,9 Gullbylgjan FM 89,5 Retro FM 93,5 Rás 1

STÖÐ 3

- 17.00 Wipeout
- 17.45 My Boys Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.
- 18.05 One Born Every Minute UK
- 19.00 The Amazing Race
- 20.10 Saving Grace
- 21.00 The Glades Fjórða þáttaröðin af þessum sakamálaþáttum sem segja frá lífi og starfi lögreglumannsins Jim Longworth.
- 21.45 Vampire Diaries
- 22.30 Pretty Little Liars
- 23.15 Southland
- 23.55 The Amazing Race
- 01.05 Saving Grace
- 01.50 The Glades
- 02.30 Vampire Diaries
- 03.15 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

- 07.00 Brunabílarnir 07.22 Latibær 07.47 Ben 10 08.12 Kalli á þakinu 08.34 Tommi og Jenni 08.40 Ævintýraferðin 08.53 Tommi og Jenni 09.00 Dóra könnuður 09.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 09.45 Dóddi litli og Eyrnastór 09.55 Rasmus Klumpur og félagar 10.00 Áfram Diego, áfram! 10.24 Svampur Sveinsson 10.45 Elías 10.55 UKI 11.00 Brunabílarnir 11.22 Latibær 11.44 Ævintýraferðin 12.00 Ben 10 12.25 Kalli á þakinu 12.47 Tommi og Jenni 12.53 Tommi og Jenni 13.00 Dóra könnuður 13.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 13.45 Dóddi litli og Eyrnastór 13.55 Rasmus Klumpur og félagar 14.00 Áfram Diego, áfram! 14.24 Svampur Sveinsson 14.45 Elías 14.55 UKI 15.00 Brunabílarnir 15.22 Latibær 15.44 Ævintýraferðin 16.00 Ben 10 16.25 Kalli á þakinu 16.47 Tommi og Jenni 16.53 Tommi og Jenni 17.00 Dóra könnuður 17.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 17.45 Dóddi litli og Eyrnastór 17.55 Rasmus Klumpur og félagar 18.00 Áfram Diego, áfram! 18.24 Svampur Sveinsson 18.45 Elías 18.55 UKI 19.00 Pétur og kötturinn Brandur 2 20.20 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

- 18.20 Strákarnir
- 18.50 Friends
- 19.15 Mom
- 19.40 Modern Family
- 20.05 Two and a Half Men
- 20.30 Sjálfstætt fólk
- 21.00 The Following
- 21.45 Sisters
- 22.30 Boardwalk Empire
- 23.25 The Blacklist
- 00.10 Grimm
- 00.50 Sjálfstætt fólk
- 01.20 The Following
- 02.05 Sisters
- 02.50 Boardwalk Empire
- 03.45 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

- 12.10 Tiny Furniture
- 13.50 Playing For Keeps
- 15.35 Tenure
- 17.05 Tiny Furniture
- 18.45 Playing For Keeps
- 20.30 Tenure
- 22.00 The Company You Keep
- 00.00 A Dangerous Method
- 01.40 How I Spent My Summer Vacation
- 03.20 The Company You Keep

RÚV

- 15.05 Skólaklíkur
- 15.50 HM í handbolta karla Bein útsending frá leik Bosníu og Makedóníu á heimsmeistaramótinu í handbolta í Katar.
- 17.30 Landakort
- 17.35 Tré-Fú Tom
- 18.00 Um hvað snýst þetta allt?
- 18.05 Loppulúði, hvar ertu?
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Ferð til fjár Skemmtilegur og öðruvísi þáttur um fjármál. Markmiðið með þáttunum er að bæta fjármálalæsi landsmanna. Fjallað er um fjármál einstaklinga og algengar ranghugmyndir um peninga, sparnað og eyðslu ræddar.
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Íþróttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Álafoss – Ull og ævintýri Íslensk heimildarmynd sem gerir grein fyrir hluta iðnsögu Íslendinga og fyrstu árum Íslands sem fjölmenningsarsamfélags. Ullarvinnsla hófst á Álafossi seint á 19. öld og einstakt verksmiðjuþorp varð til. Sveitastúlkur, erlendir farandverkamenn, íslenskir uppgjafabændur og erlendir sérfræðingar mönnuðu vinnsluna.
- 21.00 Víkingarnir
- 21.45 Á sömu torfu
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 HM-stofan
- 22.40 Viðtalið
- 23.05 Tolkien: Skapari undraheima
- 00.00 Kastljós
- 00.25 Fréttir
- 00.40 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.45 Pepsi MAX tónlist
- 14.40 Cheers
- 15.05 Jane the Virgin
- 15.45 Judging Amy
- 16.25 Design Star
- 17.10 The Good Wife
- 17.50 Dr. Phil
- 18.30 The Tonight Show
- 19.10 The Talk
- 19.50 Rules of Engagement
- 20.10 Hotel Hell
- 21.00 Hawaii Five-0
- 21.45 CSI
- 22.30 The Tonight Show
- 23.15 The Good Wife
- 00.00 Elementary
- 00.45 Hawaii Five-0
- 01.30 CSI
- 02.15 The Tonight Show
- 03.05 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2015
- 11.00 European Tour 2015
- 15.00 PGA Tour 2015
- 18.00 Golfing World 2014
- 18.50 European Tour 2015
- 21.50 Golfing World 2014
- 22.40 Inside The PGA Tour 2015
- 23.05 PGA Tour 2015 – Highlights


- FM 95,7 FM957 FM 97,7 X-ið FM 100,5 K100 FM 96,3 FM Suðurland FM 98,9 Bylgjan FM 102,9 Lindin FM 96,7 Létt Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga



Erna Hrönn



Regína Ósk




María Björk



Alma Rut



Íris Hólm



Stefanía Svavars



Eypór Ingi



Pétur Hjaltsted

Skráning í fullum gangi

Námskeiðin byrja eftir 19. janúar

Námskeið fyrir alla aldurshópa; börn, unglingar og fullorðnir, byrjendur jafnt sem lengra komnir.

Við erum stolt að halda uppá 20 ára afmæli söngskólans 2015

• Forskóli - Söngvaborg 3-5 ára Örfá pláss laus

Í forskólanum er unnið með lög úr Söngvaborg ásamt almennum leikskólalögum. Kennslustundin er 40 mínútur og fer þannig fram að börnin eru virkjuð til að syngja, hreyfa sig og að ná fram almennri tjáningu. Forskólinn er kenndur á sunnudögum og er í 10 vikur.

Gestir á námskeiði: María, Sigga og Lóa

• Börn 5-12 ára: Örfá pláss laus

Námskeiðið er í 13 vikur. Börnin mæta einu sinni í viku, 50 mínútur í senn og er kennt alla daga vikunnar. Hóptímar 5-6 saman þar sem að einstaklingurinn fær að njóta sín. Hver og einn vinnur með sín lög og einnig æfður hópsöngur.

Farið er í hljóðnemataækni, framkomu, tjáningu, takt og fleira.

Á námskeiðinu eru 5 tímar frábrugðnir venjulegri kennslustund; rytmatími, upptaka á geisladisk, upptaka á DVD og tónleikar fyrir foreldra og vini. Gestakennari: Eypór Ingi

• Unglingar 13-15 ára: Örfá pláss laus

Námskeiðið er í 12 vikur. Nemendur mæta einu sinni í viku, 50 mínútur í senn. Kennt er alla virka daga.

Farið er í söngtækni, hljóðnemataækni, túlkun, framkomu, tjáningu, takt og fleira. Danstími/rytmatími (val)

Hóptímar 4 saman þar sem að einstaklingurinn fær að njóta sín.

Hver og einn vinnur með sín lög og einnig æfður hópsöngur.

Í enda námskeiðsins er upptaka á geisladisk í fullkomnum gæðum og tónleikar.

Gestakennari: Eypór Ingi

• Fullorðnir: Örfá pláss laus

• Hóptímar:

Námskeiðið er í 10 vikur. Nemendur mæta einu sinni í viku, 60 mínútur í senn.

Farið er í söngtækni, hljóðnemataækni, túlkun, framkomu, tjáningu, takt og fleira.

Hóptímar 3 saman þar sem að einstaklingurinn fær að njóta sín.

Hver og einn vinnur með sín lög og einnig æfður hópsöngur.

Upptaka á geisladisk í fullkomnum gæðum fylgir.

• Einkatímar:

Námskeiðið er 10 x hálf klst.

• Complete Vocal Technique: Örfá pláss laus

Complete Vocal Technique er tækni sem flestir atvinnusöngvarar nýta sér í dag. Hún byggir á 20 ára ítarlegum rannsóknum á öllum tegundum söngstíla, allt frá þungarokki yfir í klassískan söng. CVT kynnir nýjar og auðveldar aðferðir til að beita röddinni til hins ítrasta á heilbrigðan hátt.

8 vikna námskeið þar sem mætt er einu sinni í viku í 2 klst. 5 í hóp

Ath! Aldurstakmark og aðeins fyrir lengra komna.

• Píanónám eftir eyranu Örfá pláss laus

Námskeiðið er í 10 vikur. 4 saman í hóp. Nemendur mæta einu sinni í viku, 60 mínútur í senn.

Námskeiðið er fyrir alla sem vilja læra á píanó, byrjendur eða lengra komna.

Markmiðið er að nemendur öðlist færni í að spila á píanó eftir eyranu og að spila undir eigin söng.

A.T.H aldurstakmark 12 ára

Kennari: Pétur Hjaltsted

MORGUNMATURINN



„Ég fæ mér alltaf skyrbúst með hreinu skyri, bláberjum og banana, á meðan ég er að bíða eftir rabarbarajógúrtinni frá Bio-búi.“

Edda Kamilla Örnólfsdóttir, viðskipta- og heimskautaréttarfræðingur og rabarbararæktandi.

Pungarokkari með 666 vini á Facebook

Sigurður Sverrisson passar sig á því að henda út vini í hvert sinn sem hann samþykkir vinabeiðni.

Sigurður Sverrisson, þungarokkari og almannatengill, hefur í tvö ár verið með 666 vini á Facebook. „Allir sem eru á Facebook átta sig á því að áður en þú veist af ertu kominn með þúsund „vini“ en átt í raun aðeins samskipti við lítið brot þeirra,“ segir Sigurður aðspurður. „Ég fór því kerfisbundið að fækka í þessum hópi og veitti því athygli eitt sinn að vinirnir voru nákvæmlega 666 talsins. Mér fannst það skemmtileg tilviljun, meðal annars með skírskotun í lagið Number Of

The Beast með Iron Maiden en sú sveit er í miklum metum hjá mér,“ segir hann hress en bætir við að hann haldi lítið upp á kölska sjálfan. „En ég virði rétt fólks til allra trúarbragða án frekara bakgrunnstékk.“

Eftir að vinur Sigurðar á Facebook vakti athygli á vinfjöldanum einsetti hann sér að halda honum í tölunni 666. „Þetta er reyndar ágætis aðhald og heldur vinfjöldanum í skefjum. Þegar einhver sendir mér vinabeiðni met ég hvort ég

→ The Number of the Beast kom út 1982 og er eitt vinsælasta lag Iron Maiden.

komi til með eiga einhver samskipti við viðkomandi. Ef ég met það svo samþykki ég beiðnina en fer síðan rակleitt í að finna einhvern sem ég hendi út í staðinn,“ segir hann. „En ef einhverjum hefur sárnað við að detta úr hópi 666 get ég fullvissað hann um að þetta er engin tilviljun. Treg muðar ðem tlla re attep.“ -fb



SIGURÐUR SVERRISSON Heldur lítið upp á kölska en virðir rétt fólks til allra trúarbragða án frekara bakgrunnstékk.

útsala

- 40 %

SNÍÐUGUR
Pælingin á bak við nafnið er að stöngin sé framlenging á handleggnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Bragi ber ábyrgð á nafninu langastöng

Baggalúturinn Bragi Valdimar Skúlason er ábyrgur fyrir nafninu langastöng á selfie-stangirnar, sem voru tvímælalaust langvinsælasta jólagjöfin í fyrra.

„Já ég er sekur, nafnið langastöng er frá mér komið,“ segir Bragi Valdimar Skúlason, Baggalútur og texta- og hugmyndasmiður hjá auglýsingastofunni Brandenburg. Hann er ábyrgur fyrir nafninu langastöng á einu vinsælasta fyrirbæri síðasta árs, selfie-stönginni. Orðið langastöng er þó ekki nýyrði, heldur er það gamalt orð yfir fingurinn löngutöng. „Það er nú einmitt pælingin á bak við þetta nafn, að þetta sé framlenging á handleggnum eða hendinni. Orðið er ekki bara sniðugt, ég er líka svona sniðugur,“ segir Bragi léttur.

Langastöng er þó ekki eina orðið sem notað hefur verið yfir þetta fyrirbæri en orð eins og montprik, kjánaprik og sjálfustöng hafa öll verið notuð. „Það var víst mikil og

fjörug umræða um þetta á Twitter um daginn hvort nota ætti montprik eða löngustöng,“ bætir Bragi við. „Svo er bara spurning hvort og hvaða orð nær að festast við þetta.“

Guðmundur A. Guðmundsson, markaðsstjóri hjá NOVA, líkir löngustangaræðinu við Sodastream- og fótanuddtækisæðin sem gripu landann fyrir þó nokkrum árum.

„Það varð eiginlega allt tryllt. Við byrjuðum að selja þetta vel fyrir jólin. Þetta hefur verið Sodastream eða fótanuddtæki ársins. Það er eiginlega sama hvar á landinu verslunin var staðsett, þetta flaug út,“ segir Guðmundur.

Stöngin var einstaklega vinsæl gjöf enda seldist hún margsinnis upp fyrir jólin. „Þetta var eiginlega alltaf uppselt, enda vinsælt í pakkann og

” Petta hefur verið Sodastream eða fótanuddtæki ársins.

Guðmundur A. Guðmundsson.

sérstaklega sem möndlugjöf,“ segir hann.

Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, almannatengill hjá Vodafone, hefur svipaða sögu að segja. „Við tókum stangirnar í sölu í nóvember, en þær flugu út eftir því sem nær dró jólum og voru aðeins örfá stykki eftir þegar hátíðirnar gengu í garð. Hafa þær eflaust verið dregnar fram í ófáum jólaboðunum, enda tilvaldar til að ná myndum af heilu stórfjölskyldunum í einu,“ segir Gunnhildur. Hún reiknar með að magnið sem hafi farið út fyrir jól hafi hlaupið á nokkrum hundruðum.

adda@frettabladid.is

Teiknimynd unnin upp úr óperu

GunHil gerir teiknimynd í fullri lengd upp úr óperu eftir Lady & Bird.

„Verkefnið sprettur upp úr óperu sem Barði Jóhannsson og Keren Ann Zeidel í hljómsveitinni Lady & Bird voru með í Frakklandi árið 2011 og við erum að vinna þetta með þeim,“ segir Hilmar Sigurðsson, framkvæmdastjóri og annar stofnandi GunHil. Fyrirtækið stofnaði hann ásamt Gunnari Karlsyni og sérhæfir það sig í framleiðslu teiknimynda.

Nýjasta verkefni GunHil er teiknimyndin Red Waters. Myndin segir forna goðsögu af ánni Red Waters. Áin býr yfir lækningarmætti sem nærliggjandi þorp nýtur góðs af. Í staðinn neyðast þorpsbúar til þess að færa ánni fórnir, en eitt árið er hefðin rofin.

Í mars næstkomandi heldur fyrirtækið á Cartoon Movie 2015. „Þetta er svona evrópskur samframleiðslumarkaður. Við förum þarna með það markmið að finna okkur samstarfsfélaga og fjárfesta í Evrópu,“ segir Hilmar.

Fyrsta myndin sem Hilmar og Gunnar störfuðu saman að var teiknimyndin Litla lirlan ljóta sem kom út árið 2002. Framleiðsla á teiknimyndum tekur langan tíma en gert er ráð fyrir að Red Waters komi út árið 2019. „Það þarf alveg afskaplega mikla þolinmæði, þetta er dýrt og tekur langan tíma,“ segir Hilmar en bætir við: „En eins og allt skapandi starf þá er þetta mjög gefandi líka.“

-gló



HILMAR SIGURÐSSON Er framkvæmdastjóri og annar stofnandi GunHil.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

→ Red Waters segir forna goðsögu af ánni Red Waters. Áin býr yfir lækningarmætti sem nærliggjandi þorp nýtur góðs af.

HÚRRA
REYKJAVÍK

HVERFISGATA 50 | 101 REYKJAVÍK | 571 7101 | WWW.HURRAREYKJAVIK.IS

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

**JANÚAR
TILBOÐ**

á völdum rúmum,
sófum, stólum og
sýningareintökum.

Gerðu góð kaup



Komdu í heimsókn

- og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

FRÉTTIR AF FÓLKI

Spilaði Ég heyri raddir

Tónleikar Steves Hackett, fyrrverandi gítarleikara bresku hljómsveitarinnar Genesis, og Todmobile gengu eins og í sögu um helgina. Um tvenna tónleika var að ræða. Þeir fyrri voru í Hörpu á föstudagskvöld en þeir síðari í Hofi á Akureyri kvöldið eftir. Á tónleikunum spilaði Hackett með í nokkrum Todmobile-lögum sem höfðu verið fyrir fram æfð, en í Hofi spilaði hann óundirbúið í laginu Ég



heyri raddir og fórst það vel úr hendi. Eftir báða tónleikana var kappinn svo duglegur við að árita gamlar plötur með Genesis og sólóplötur sem aðdáendur hans höfðu meðferðis. - fb

Stoltur af The Charlies

Tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds segist á Facebook-síðu sinni vera stoltur af hljómsveitinni **The Charlies**, sem áður hét Nylon, fyrir að hafa látið draum sinn rætast, en hún er núna hætt störfum. „Þær eru jú búnar að lifa á tónlist í tíu ár á sólríkum stað með frábært fólk í kringum sig. Þær eru búnar að lenda í fleiri ævintýrum en flest fólk gerir á ævi sinni. Og fyrst og fremst héldu þær ótrauðar áfram þrátt fyrir mikið mótlæti að heiman frá fólk sem fannst fátt skemmtilegra en að sjá þær misstíga sig,“ skrifði Ólafur, sem fékk mjög góðar undirtektir við færslunni. A meðal þeirra sem tóku undir orð hans var söngvarinn Friðrik Ómar: „Snillingar og okkur hinum hvatning!“, skrifði hann. - fb



Mest lesið **vísir**

- 1 Fékk hatursskilaboð í kjölfar ræðu um fordóma
- 2 Ásgeir um rifrildið við Björgvin: Á ekki að gerast
- 3 Hóf skotárás í verslunarmiðstöð og svipti sig lífi
- 4 Ronaldo og Bale á skotskónum í öruggum sigri Real Madrid
- 5 Sprengisandur í beinni útsendingu: Þingflokksformennirnir sitja fyrir svörum í aðdraganda þingsins
- 6 Lindberg: Tala ekki íslensku við Gumma

STÓR ÚTSALA
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!
VERÐHRUN Á SÝNISEINTÖKUM OG YFIRFÖRNUM TÖLVUM!
t.is
TÖLVU LISTINN

ÚTSALA

BEKKJUNNAR

30-70%

AFSLÁTTUR!

SPRING MAX
Heilsukoddi
FULLT VERÐ 12.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 6.450 kr.

50% AFSLÁTTUR!

Aðeins örfáir koddar eftir

QUEEN SIZE
HEILSURÚM - ALLT AÐ
50% AFSLÁTTUR
AFSLÁTTARVERÐ FRÁ
98.173 Kr.

ÖLL RÚMFÖT Á
30% AFSLÁTTI!

FARYN PLUSH/FIRM
Queen Size (153x203 cm)
FULLT VERÐ 278.711 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 139.356 kr.

50% AFSLÁTTUR!

Einnig til í öðrum stærðum

ROYAL M3
(180x200 cm)
FULLT VERÐ 181.139 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 108.683 kr.

40% AFSLÁTTUR!

rekkjan